

PETRÍNA ÓLAFSDÓTTIR

Á sitt annað heimili í Campoamor á Spáni

bílar ferðir
allt | MIÐJU BLAÐSINS



ALÞJÓÐLEG KVIKMYNDAHÁTÍÐ

Hlaðborðið svignar

Sérblað um Alþjóðlega kvikmyndahátíð í Reykjavík

FYLGIR FRÉTTABLAÐINU Í DAG



SÉRBLAÐ FYLGIR

Europpris

FRÁBÆR TILBOÐ!

FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

26. september 2007 — 261. tölublað — 7. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 512 5000

MIÐVIKUDAGUR

Vinnur hjá Vibskov

Hafrún Alda Karlsdóttir ferðast stórborga á milli í vinnu sinni fyrir hönnuðinn Henrik Vibskov.

FÓLK 30



Opnaði prjónakaffihús

Ilmur Dögg Gísladóttir kynntist nýrri prjónamenningu á netinu og opnaði prjónakaffihús í Norræna húsinu.

MENNING 20

Dagur án Sarkó

„Og nú fyrir skömmu bárust þau tíðindi að sett hefðu verið á fót samtök sem ætluðu að berjast fyrir því að landsmenn fengju „einn dag án Sarkozys“,“ skrifar Einar Már Jónsson.

Í DAG 14


Snorri Steinn meiddur

Snorri Steinn Guðjónsson glímur við axlarmeisli og getur ekki skotið á markið.

ÍÞRÓTTIR 26



VEÐRIÐ Í DAG



HLÝNANDI VEÐUR - Í dag verður allhvöss og sumstaðar hvöss sunnanátt um vesturhluta landsins annars hægari. Rigning á öllu vestanverðu landinu um hádegi og hætt við litilsháttar vætu á austurhlutanum síðdegis eða í kvöld. Hiti 7-13 stig.

VEÐUR 4

Spara á dýrari lækningum

Hallarekstur heilbrigðiskerfisins hefur aukist eftir að gjaldtaka hófst. Pétur Blöndal, þingmaður Sjálfstæðisflokksins, segir það stórskadlegt að kerfið hvetji í rauninni til þess að dýr og ónaðsynleg þjónusta sé nýtt. Sigursteinn Másson, formaður Öryrkjabandalagsins, vill fella niður gjaldtöku fyrir opinbera þjónustu.

HEILBRIGÐISMÁL „Við höfum orðið vör við að fólk reyni að fá innlagn á sjúkrahús í stað þess að nýta sér þjónustu á dagtíma,“ segir Sigursteinn Másson, formaður Öryrkjabandalagsins. Ástæðuna fyrir því segir Sigursteinn vera þá að innlagn er sjúklingnum að kostnaðarlausu en dagþjónustan getur hlaupið á tugum þúsunda.

„Það er alveg stórskadlegt þegar menn hafa hvata til þess að nýta sér dýrari þjónustu en nauðsynleg er,“ segir Pétur Blöndal alþingismaður.

Sigursteinn og Pétur eru sammála um að fyrirkomulagið sé líklegt til að auka kostnað við rekstur alls heilbrigðiskerfisins. „Ég veit til þess að mörgum starfsmönnum heilbrigðisþjónustunnar sviður að rukka fólk, sem oft

hefur lítið milli handanna, um háar upphæðir. Því taka þeir fremur ákvörðun um að leggja það inn til að hlífa því við kostnaði,“ segir Sigursteinn. Leggur hann til að öll gjaldtaka fyrir heilbrigðisþjónustu verði lögð niður. Það tryggir aðgang allra að þjónustunni, óháð efnahag, auk þess sem komið hafi í ljós að hallarekstur heilbrigðiskerfisins hafi stórkostur eftir að gjaldtöku var komið á.

Pétur telur gjaldfrjálsa heilbrigðisþjónustu þó óheppilega leið. Hann tekur hins vegar heilshugar undir ábendingar Sigursteins um að vissar kerfisvillur séu innan heilbrigðisþjónustunnar sem nauðsynlegt sé að lagfæra. „Það er auðvitað ákveðin tilhneiging hjá öllu góðhjúrtuðu fólki, til dæmis læknum, að reyna að koma fólki undan því að greiða há

gjöld. Það getur orðið til þess að þeir grípi til ónaðsynlegra og dýrra úrræða, eins og innlagnar á spítala,“ segir Pétur. Reikna má með því að eitt sjúkrarúm á Landspítalanum kosti ekki minna en sextíu þúsund krónur á sólarhring.

Á stefnuskrá ríkisstjórnarinnar er að einfalda þátttöku almennings í kostnaði við heilbrigðisþjónustuna. Pétur segist ekki tilbúinn til að segja hvenær úrbóta megi vænta. Kerfið sé „óhemju flókið og er það vægt til orða tekið“, segir Pétur. Áður en einföldun á því geti hafist þurfi að kortleggja það. „Markmiðið verður svo að jafna greiðsluþátttöku fólks og létta hana gagnvart þeim sem nú þegar þurfa að borga mikið,“ segir Pétur.

- kdk



EKKERT LYSTARSTOL Stór auglýsingaskilti með grindhórnari konu þrýða nú borgir Ítalíu, um það leyti sem tiskusýningarnar í Milánó eru að hefjast. Skiltin eru hluti af herferð gegn lystarstoli, No anorexia, sem ítalski ljósmyndarinn Oliviero Toscani hefur hrundið af stað. Konan sem situr fyrir í auglýsingunum heitir Isabelle Caro.

Samkeppniseftirlitið: Skoða samstarf tiskuveldanna

SAMKEPPNISMÁL Samstarf fyrirtækjanna NTC og Haga í sölu tiskufatnaðar á Íslandi verður hugsanlega tekið skoðunar hjá Samkeppniseftirlitinu að sögn Guðmundar Sigurðssonar



SVAVA JOHANSEN aðstoðarforstjóra. Fyrirtækin tvö ráða yfir verslunum á borð við Debenhams og Sautján og eru samanlagt talin hafa 75 prósent markaðshlutdeild. Samstarfið felst í því að NTC opnaði nýverið í Debenhams í Smáralind sérstaka deild fyrir mörg vinsælustu vörumerkin. Debenhams er í eigu Haga.

Svava Johansen, eigandi NTC, segir fyrirtæki sitt einfaldlega hafa tekið pláss á leigu hjá Högum. „Mér þætti mjög einkennilegt ef samkeppnisfyrivöld hefðu eitthvað við það að athuga,“ segir Svava.

Sjá Markaðinn / -hhs

ÚRVAL LJÓSAKRÓNA



Rafkaup
ARMULA 24 - SÍMI 585 2800 - RAFKAUP.IS

OPÍÐ LAUGARDAG KL: 11-16

Málverk listmálarans Eggerts Péturssonar af íslenski flóru afar eftirsótt:

Sýningin seldist á einum degi

MENNING Öll verkin á sýningu listmálarans Eggerts Péturssonar í Gallerí i8, 100 myndir, seldust upp á einum degi. Á sýningunni eru eitt hundrað verk eftir Eggert, sem er þekktur fyrir málverk sín af íslenski flóru.

Hannes Sigurðsson listfræðingur telur að um sölumet sé að ræða. „Ég held að það sé ekki einsdæmi að sýning hafi selst upp á einum degi. Ég veit að það gerðist á Mokka fyrir nokkrum árum, og held að það hafi gerst á öðrum stöðum.

Með tilliti til fjölda mynda held ég samt sem áður að þetta sé met,“ sagði Hannes. „Hins vegar eru þær ekki margar

sýningarnar með meira en hundrað myndum,“ bætti hann við.

Málverk Eggerts hafa notið mikillar hylli og segir hann í samtali við Fréttablaðið að það hafi vart komið á óvart að myndirnar hafi allar selst. „Þær voru eiginlega seldar fyrir, það höfðu svo margir bedið eftir myndum. Listinn var orðinn langur, og hann lengist nú bara ef eitthvað er,“ sagði listmálarinn.

Ekki fékkst uppgæfið hvert samantlagt söluverð var en samkvæmt heimildum Fréttablaðsins hleypur það á tugum milljóna.



EGGERT PÉTURSSON Eitt hundrað verk eftir listmálarann seldust á fyrsta sýningardeg í Gallerí i8. FRÉTTABLAÐIÐ/HARI

- sun/ sjá síðu 30

Auglýsing

Nýlegir bílaleigubílar boðnir almenningi.

Auknar komur ferðamanna til Íslands undanfarið ár hafa haft í för með sér fjölgun bílaleigubíla í umferð. Þetta hefur leitt til þess að bílaleigur endurnýja bílafloata sinn örar en áður og skipta bílunum út þegar þeir eru aðeins ársgamli. Bílaland B&L getur af þessum sökum nú boðið nokkur nýleg eintök af hinum vinsæla Hyundai Santa Fe, árgerð 2006. Um er að ræða bílaleigubíla sem eru í verksmiðjuábyrgð til ársins 2009 með ótakmörkuðum akstri. Nú er tækifæri til að gera góð kaup. Komdu við í Bílalandi B&L, Grjóthálsi 1 eða hafðu samband í síma 575 1230.

bilaland.is

TRYGGT

TRYGGT

TRYGGT

ÓTRYGGT?

ÓTRYGGT?

OKKAR

SPARNADUR MEÐ ÖRORKUVERND FYRIR BÖRN

OKKAR er hvort tveggja í senn örorkutrygging fyrir barnið þitt og sparireikningur sem tryggir fjárhagslega framtíð þess. Bótaþættir barnatryggingarinnar eru örorkubætur, dagpeningar vegna sjúkráhuúsdvalar, umönnunarbætur og dánarbætur.

OKKAR snýst um fjárhagslegt framtíðaröryggi barnsins þíns – kynntu þér málið á www.kaupthing.is

 KAUPPING

GJALDMÍÐLAR	KAUP SALA
Bandaríkjadalur	62,31 62,61
Sterlingspund	125,22 125,82
Evra	87,78 88,28
Dönsk króna	11,773 11,841
Norsk króna	11,265 11,331
Sænsk króna	9,528 9,584
Japanskt jen	0,5441 0,5473
SDR	96,65 97,23

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR
117,9937
HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Allsherjarþing Sameinuðu þjóðanna hófst í New York í gær:

Ban Ki-moon vill breytingar

SAMEINUÐU ÞJÓÐIRNAR. AP Ban Ki-moon, framkvæmdastjóri Sameinuðu þjóðanna, ætlar að beita sér fyrir því að friður komist á í Mið-Austurlöndum og lausninnist á átökunum í Darfúr-héraði strax á næsta ári.

Í opnunarræðu sinni á allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna sagði hann að næsta ár yrði eitt það erfiðasta í sögu Sameinuðu þjóðanna. Takast þyrfti á við vandamál sem „virtu engin landamæri“ og ekkert ríki „hvort heldur stórt eða smátt, auðugt eða fátækt, getur leyst þau upp á eigin spýtur“.

Allsherjarþingið hófst í gær í



DANIEL ORTEGA Í HAM Forseti Níkaragva var einn þeirra þjóðarleiðtoga sem tóku til máls í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/AFP

leiðtogar flestra ríkja heims til að ræða heims málin.

Á fyrsta degi þingsins tóku meðal annars til máls George W. Bush Bandaríkjaforseti og Mahmoud Ahmadinejad Íransforseti. Þeir sátu báðir í salnum undir ræðu framkvæmdastjórans.

Bantók við stöðu framkvæmdastjóra í byrjun þessa árs og ávarpaði því í fyrsta sinn allsherjarþingið í gær. Hann notaði tækifærið til að hvetja til víðtækra breytinga og sagði ríki heims þurfa að vinna saman að lausnum þeirra vandamála sem við blöstu.

New York og stendur fram á miðvikudag í næstu viku. Þar hittast

Ráðstefna SP í New York:

Ingibjörg ræddi loftslagsmál

UTANRÍKISMÁL Ingibjörg Sólrún Gísladóttir utanríkisráðherra flutti ræðu á sérlegu þingi háttsettra leiðtoga um loftslagsbreytingar í höfuðstöðvum Sameinuðu þjóðanna í New York á mánudaginn.

Ingibjörg sagði nauðsynlegt að aðgerðir gegn loftslagsbreytingum yrðu mótaðar á vettvangi SP.

Hét hún fullum stuðningi Íslands við alþjóðlegar aðgerðir, þar á meðal á Balí-ráðstefnunni í desember og á þjóðarleiðtoga fundi í Kaupmannahöfn 2009.

Byggja ætti á því sem vel hefði reynst í Kyoto-samningnum en einnig leita nýrra lausna í samstarfi við atvinnulíf. - sdg



Á KÓLASKAGA Hilmar Hansson með vænna lax.

Verðsprengja á Kólaskaga: Laxveiðileyfi á íslensku verði

STANGVEIÐI Verð mun hækka gríðarlega á veiðileyfum í rússneskum laxveiðiám á næsta ári.

Að því er segir á heimasíðu Stangaveiðifélags Reykjavíkur eru laxveiðiár á Kólaskaga nú að taka út hækkanir sem áður hafa orðið á laxveiðileyfum annars staðar, meðal annars á Íslandi. Hækkunin er allt að 60 prósent og dæmi um að verð á Kólaskaga sé hið sama og á Íslandi. Ein stöng á dýrustu vikunum kostar um 1.250.000 krónur. Þessi þróun kann að gerbreyta samkeppnisstöðu íslenskra laxveiðiaáa. - gar

LÖGREGLUMÁL

Hálka olli vandræðum

Hálka var víða á vegum á Norðurlandi fram eftir degi í gær og gerði vegfarendum erfitt fyrir. Engin alvarleg óhöpp urðu en lögreglumenn sögðu ökumenn hafa vaknað upp við vandan draum enda fæstir komnir á vetrardekkinn.

LEIÐRÉTTING

Í blaðinu í gær kom fram að VR væri Verslunarfélag Reykjavíkur en hið rétta er að félagið heitir nú VR.

Einelti er vandamál í framhaldsskólum

Einelti í framhaldsskólum virðist dulið en algengt vandamál samkvæmt rannsókn um Arnheiðar Gígju Guðmundsdóttur náms- og starfsráðgjafa. Hún segir afleiðingarnar alvarlegar. Flensborgarskóli ætlar að bregðast við niðurstöðunum.

FÉLAGSMÁL „Helstu niðurstöðurnar eru þær að einelti og hópamyndun virðist vera hluti af daglegu lífi framhaldsskólanemenda,“ segir Arnheiður Gígja Guðmundsdóttir, náms- og starfsráðgjafi, um rannsókn sem hún gerði nýlega á birtingarmyndum eineltis í framhaldsskólum.

Að sögn Arnheiðar er vandamálið dulið en afleiðingarnar alvarlegar. Þær birtist meðal annars í hræðslu, einmanaleika, kvíða, einbeitingarskortri, brotthvarfi úr skóla og sjálfsvígstíllraunum.

Niðurstöðurnar eru birtar í síðasta tölublaði tímarits Kennaraháskóla Íslands. Þær segir Arnheiður gefa til kynna að rannsaka þurfi einelti og félagslega hegðun framhaldsskólanemenda nánar og byggja upp heildstæða forvarnar- og meðferðaráætlun gegn einelti, rétt eins og gert hefur verið innan grunnskólanna. Slíkt starf er þegar hafið í framhaldsskólanum Flensborg í Hafnarfirði.

„Það er ekki spurning um að einelti á sér stað í framhaldsskólum rétt eins og í grunnskólum. Hins vegar er mikið minna um það rétt,“ segir Bryndís Jóna Jónsdóttir, námsráðgjafi í Flensborg. Hún segist ekki vita til þess að fleiri framhaldsskólar hafi gert slíkt hið sama en telur ekki vanþörf á að svo verði gert.

Aðgerðaráætlunina segir Bryndís mikið til byggða á rannsókn Arnheiðar. Fyrsta skrefið sé að geta skilgreint einelti og sjá til þess að við því sé brugðist með viðeigandi hætti. Málið sé þó flókið þar sem þolendur eineltis



VILJA BREGÐAST VIÐ VANDANUM Skólayfirvöld í Flensborg hafa þegar ákveðið að bregðast við vandanum. MYND/ÚR SAFNI



ARNHEIÐUR GÍGJA GUÐMUNDSDÓTTIR BRYNDÍS JÓNA JÓNSDÓTTIR

eigi oft erfitt með að leita sér aðstoðar af ótta við að vandamálið versni enn frekar við það.

Ástæðuna fyrir því að einelti í framhaldsskólum er meira dulið

en í grunnskólum segir Arnheiður vera þá að líkamlegt ofbeldi sé þar óalgengara. Þeim mun meira sé þó um hunsun og tæknivætt einelti. „Tölvuheimurinn gerir fólki kleift að fela sig bak við tæki og nafnleysi. Þannig er það tilbúið til að láta ýmislegt út úr sér um annað fólk sem það myndi ekki gera þyrfti það að standa auglitis við viðkomandi manneskju,“ segir hún. Þá bendir hún á að þolandi tæknivædds eineltis sé varnarlaus þar sem hann geti orðið fyrir árásum hvar sem er og hvenær sem er, svo sem í gegnum tölvupóst og símaskilaboð.

karen@frettabladid.is

Háskólinn í Reykjavík:

Mannauður til heilbrigðs lífs

SKÓLAR Háskólinn í Reykjavík hefur hrint af stað nýju samstarfsverkefni skólans, Lands-



SVAVA GRÖNFELDT

bankans, Deloitte, Morgunblaðsins og Nýsköpunarsjóðs atvinnulífsins. Í verkefninu, sem ber heitið Mannauður, felast til dæmis alþjóðlegar ráðstefnur, hádegisfyrirlestrar, rannsóknir og Háskóli fjölskyldunnar þar sem börn og full-orðnir fræðast saman. „Mannauður skapar samfélag og vinnuumhverfi þar sem fólki tekst að lifa heilbrigðu og gefandi lífi en á sama tíma auka samkeppnishæfni og bæta árangur í starfi,“ segir í frétt frá Háskólanum í Reykjavík. - gar

Lögreglan á Selfossi:

Dauði í fangelsi rannsakadur

LÖGREGLUMÁL Lögreglan á Selfossi rannsakar nú hvað olli því að maður á fertugsaldri lést í fangaklefa sínum á laugardagsmorguninn var. Fangaverðir á Litla-Hrauni komu að fanganum látnum í rúmi sínu. Að sögn Valtýs Sigurðssonar fangelsismálastjóra benti ekkert til þess maðurinn hefði fyrirfarið sér. Dánarorsök er enn ókunn.

Maðurinn hafði verið nærri áratug í fangelsi en hann var dæmdur í sextán ára fangelsi árið 1998 fyrir morð. Valtýr sagði hann hafa sýnt batamerki í vistinni og verið vel liðinn meðal fanga og starfsfólks fangelsismálastofnunar. - mh

30% afsláttur af Vega vítamínum

Acidophilus Bifidus + FOS
Mjólksýrugerlar, góðir fyrir meltinguna.

Champignon DETOX + FOS og Spirulina
Hreinsaðu líkamann – eyðir óæskilegri lykt.

Milk Thistle DETOX
Hreinsaðu líkamann að innan.

Psyllium Husk Fibre
Rúmmálsaukandi, gott fyrir meltinguna.

Apótekið legga verð

LYFJA Lífð heil

www.lyfja.is

VEÐURSPÁ

um hádegi »

um hádegi »

Kaupmannahöfn	15°C hálfskýjað	London	13°C skúrir	Friedrichshafen	9°C rigning
Billund	15°C skúrir	Paris	14°C skúrir	Luxemborg	14°C hálfskýjað
Osló	14°C skýjað	Amsterdam	15°C rigning	Alicante	24°C léttskýjað
Stokkhólmur	15°C hálfskýjað	Frankfurt	16°C rigning	Róm	23°C léttskýjað
Gautaborg	15°C skúrir	Berlín	16°C hálfskýjað	Las Palmas	26°C léttskýjað

* Vindhraði er í metrum á sekúndu.

NÝR CORSA



Fáir bílar hafa hlotið jafn margar
viðurkenningar og nýr Opel Corsa*

Beinskiptur 1.2 L

Verð **1.590.000**

Sjálfskiptur 1.4 L

Verð **1.850.000**

ESP skriðvörn/stöðugleikastýring - 6 loftpúðar - Aftengjanlegur loftpúði fyrir framsæti
Fjarstýring fyrir hljómteki í stýri - Útvarp með geislaspilara, spilar MP3 - „Aux“ tengi
í hljómteki - Aðráttarstýri - Geymsluskúffa undir farþegasæti

* Bíll ársins 2007 - What Car? - England
„Best in Class“ - Channel 4 Cars - England
Bíll ársins 2007 - Samtök bílblaðamanna (MKD) - Danmörk
Fjölskyldubíll ársins 2007 - Samtök bíleigenda - Belgía
2. sæti „Car of the Year“ 2007 í Evrópu



19.523 á mánuði **



** Bílasamningur miðað við 20% útborgun og eftirstöðvar í 84 mán.

Ingvar Helgason

Sævarhöfða 2 Sími 525 8000 www.ih.is

KJÖRKASSINN



Kemur vandi við mönnun leikskóla eða frístundaheimila við þitt heimili?

Já	19%
Nei	81%

SPURNING DAGSINS Í DAG:

Hefur þú verið afgreidd(ur) í verslun af starfsmanni sem talar ekki íslensku?

Segðu skoðun þína á visir.is



Hannes Smárason:

Má gera tvær lóðir að einni

SKIPULAGSMÁL Hannes Smárason, forstjóri FL Group, hefur fengið leyfi skipulagsráðs Reykjavíkur til að sameina tvær einbýlishúsa-



lóðir á Fjölnisvegi í eina lóð. Hannes, sem á bæði húsin á lóðinni, hyggst sameina þau með bílskúrsbyggingu, að því er fram kemur á visir.is.

HANNES SMÁRASON

Húsin tvö eru annars vegar 369 fermetrar og hins vegar 433 fermetrar, samtals 802 fermetrar, sem verða enn fleiri þegar húsin verða tengd. Hvor lóðin um sig er 1.020 fermetrar og nýja lóðin þannig 2.040 fermetrar. Húsin eru á númer nfu og ellefu.

SJÁVARÚTVEGUR

Færður til hafnar í Noregi

Samherjatogarinn Vilhelm Þorsteinson var á mánudag færður til hafnar í Norður-Noregi. Skipstjóranum hafði í síðustu viku láðst að gefa Norsku strandgæslunni skýrslu um afla áður en landhelgin var yfirgefin.

Ralph Miliband á flokksþingi breska Verkamannaflokksins:

Mannréttindi ofar hervaldi

BRETLAND, AP Ralph Miliband, utanríkisráðherra Bretlands, lagði í gær áherslu á að mannréttindi ættu að standa ofar hernaðarmætti. Þetta sagði hann á flokksþingi breska Verkamannaflokksins, þar sem hann talar í fyrsta sinn sem utanríkisráðherra.

Hann hvatti Vesturlönd til þess að sýna múslimum, sem óttuðust Bandaríkin, skilning. Einnig hvatti hann herforingjastjórnina í Búrma til þess að halda aftur af hernaðarmætti sínum og láta mótmælendur óáreitna.

Hann sagði að Bandaríkin og Evrópuríki væru ekki jafn vel



MILIBAND OG BROWN Utanríkisráðherra og forsætisráðherra Bretlands á flokksþingi Verkamannaflokksins í gær.

FRÉTTABLAÐIÐ/APP

liðin í heiminum og fyrir áratug, áður en stríð hófust í Afganistan og Írak.

„Við verðum því að nema staðar

og hugsa okkar ráð. Lærdómurinn er sá að ekki nægir að hafa góðar fyrirætlanir,“ sagði Miliband.

Hann andmælti harðlega orðum Bernard Kouchner, utanríkisráðherra Frakklands, sem nýverið sagði heiminn þurfa að búa sig undir það versta, nefnilega stríð, ef ekki tækist að ná samkomulagi við írönsk stjórnvöld um kjarnorkumállefni.

Miliband varð fyrstur ráðherra í bresku stjórninni til þess að halda úti bloggssíðu meðan hann var umhverfisstjórnari. Í dag ætlar hann að hefja nýtt blogg sem utanríkisráðherra.

Málanám í framhaldsskólum:

Flestir nemar læra ensku

MIENNTUN Flestir framhaldsskólanemendur læra ensku, eða 15.039 nemendur skólaárið 2006-2007. Þetta kemur fram í yfirliti Hagstofu Íslands yfir fjölda nemenda í grunn- og framhaldsskólum sem lærðu erlend tungumál skólaárið 2006-2007 sem tekið var saman í tilefni af degi tungumála í Evrópu 26. september.

Danska kemur næst á eftir en 8.676 nemendur stunduðu dönskunám þetta sama ár. Þýska er þriðja algengasta erlenda tungumálið en danska og enska eru skyldunámssgreinar hjá flestum framhaldsnemum.

Vegabréf veitt út á falskar upplýsingar

Eftir því sem erfiðara verður að falska vegabréf falska fleiri persónuupplýsingarnar sem þarf til að sækja um vegabréf. Aðstoðaryfirlöggregluþjónn á Suðurnesjum segir lífkennuupplýsingar mögulega lausn á vandamálinu.

ÖRYGGISMÁL Falsanir á persónuupplýsingum sem fylgja umsóknunum um löglega útgefin skilríki aukast eftir því sem erfiðara verður að falska sjálf skilríkin. Í stað þess að falska vegabréfin eru fæðingavottorð og aðrar persónuupplýsingar falsaðar og þær notaðar til að sækja um vegabréf.

Þetta er meðal þess sem fjallað er um á ráðstefnu um falsanir ferðaskilríkja og ferðaleiðir ólöglegra innflytjenda sem fram fer á Grand Hótelu þessa dagana.

Jón Pétur Jónsson, aðstoðaryfirlöggregluþjónn á Suðurnesjum, segir að íslenskum starfsmönnum ríkisstofnana geti reynt erfiðt að meta lögmæti erlendra persónuupplýsinga, til dæmis fæðingavottorðs. Vottorðin séu mismunandi milli ríkja, og jafnvel til í nokkrum gerðum innan hvers ríkis.

„Það getur verið mjög erfiðt að fá sýnishorn af fæðingavottorðum frá sumum löndum, og þau geta verið af mörgum gerðum og tegundum. Ég minnst þess að við höfum fengið eitthvað af gögnum í hendurnar þar sem vafi leikur á hvort fæðingavottorðin séu gefin út af yfirvöldum,“ segir hann.

Hann segir lífkennuupplýsingar, sem gætu fylgt fæðingavottorðum og öðrum persónuupplýsingum, vera ákveðna lausn á þessum vanda. „Ef fæðingavottorð bera lífkennuupplýsingar, eins og til dæmis fingraför, þá væri auðveldara að sannreyna hvort þau eru lögmæt eða ekki.“



VEGABRÉFSEFTIRLIT Auðveldara er að fá vegabréf út á falskar upplýsingar en að falska sjálf vegabréfið. Slæmt aðgengi að upplýsingum um erlend fæðingavottorð er ein ástæða þess, segir Jón Pétur Jónsson, aðstoðaryfirlöggregluþjónn á Suðurnesjum.

VEGABRÉF Í nýju vegabréfunum er örflaga sem inniheldur upplýsingar úr stafrænni mynd af eiganda vegabréfsins. Þannig er glæpamönnum gert erfiðara að falska vegabréfin.

Ráðstefnan, sem ber yfirskriftina Immigration Fraud Conference, hófst í gær og lýkur á morgun. Embætti lögreglustjórans á Suðurnesjum sér um undirbún-

ing og skipulag hennar, þar sem sérfræðingar frá um tuttugu ríkjum í Evrópu og Ameríku taka þátt.

salvar@frettabladid.is



LÓÐAVERÐ Meirihluti bænda segir að fólksfækkun hafi slæm áhrif á þjónustu og samhjálp í sveitum.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Eftirspurn hækkar lóðaverð:

Hækkanir meiri á Suður- og Vesturlandi

LANDBÚNAÐUR Eftirspurn íbúa í þéttbýli eftir landi hefur hækkað jarðaverð mun meira á Suður- og Vesturlandi en í öðrum landshlutum, að því er fram kemur í könnun Bændasamtakanna sem gerð var meðal bænda.

Mikill meirihluti bænda, 72 prósent af þeim sem svöruðu könnuninni, sagðist telja að breytingar á eignarhaldi jarða síðustu tíu ár hefðu áhrif á búsetu í sveitum. Fólki fækkaði í sveitunum með tilheyrandi áhrifum á þá sem eftir væru.

Um 92 prósent bænda segja það mikilvægt að búseta sé á nágrenna-jörðum, og mikill meirihluti telur mikilvægt að landbúnaður sé stundaður á þeim jörðum.

- bj

3M gluggafilmur fyrir skóla, sjúkrahús, skrifstofur, verslanir og aðra vinnustaði

Fagmenn frá RV sjá um uppsetningu

Glerfínar gluggafilmur

– aukin vellíðan á vinnustað

Rekstrarvörur
- vinna með þér

Réttarhálsi 2 • 110 Reykjavík
Sími: 520 6666 • Fax: 520 6665
sala@rv.is • www.rv.is

Umsvifamikill kaupandi fasteigna í miðbæ Reykjavíkur vinnur mál í héraðsdómi:

Öldungur seldi hús vitandi vits

DÓMSMÁL Samningur sem fjárfestirinn Þorsteinn Steingrímsson gerði við mann á níraðisaldri um kaup á húsi á Hverfisgötu er gildur, segir Héraðsdómur Reykjavíkur.

Ættingjar gamla mannsins töldu samninginn vera ógildan þar sem maðurinn hefði sökum heilabilunar ekki gert sér ljóst hvaða þýðingu undirskrift hans á kaupsamningnum hefði.

Gamli maðurinn hefur sagt Þorstein hafa átt frumkvæðið að viðskiptunum en Þorsteinn segir því öfugt farið. Þorsteinn hefur keypt mikinn fjölda húsa á þessu svæði. Hús gamla mannsins er aftan við Landsbankann á Laugavegi og inni á þeim reit sem Samson ehf., félag Björgólfsfeðga, hefur látið skipuleggja undir nýja verslunarmiðstöð og fleira.

Í héraðsdómi var lagt fram vottorð frá lækni um að gamli maðurinn væri ófær um að annast fjármál sín vegna heilabilunarsjúkdóma. Dómarinn sagði það veikja sönnunargildi vottorðsins að gamli maðurinn kom fyrst til læknisins meira en mánuði eftir að hann skrifað undir kaupsamninginn. Þá segir dómarinn ekki hægt að byggja á vitnisburði dóttur stjaldstútur mannsins þar sem hún búi nánast endurgjaldlaust í



HVERFISGATA 92 Fyrri eigandi dvelur nú á heilabilunardeild og á að afhenda húsið fyrir 1. nóvember.

FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

húsi mannsins og sé auk þess einn fjögurra erfingja að húsinu samkvæmt erfðaskrá frá árinu 2004. Húsið sem um ræðir er tæpir 160 fermetrar og stendur á um 150 fermetra lóð. Það var selt á 38 milljónir króna.

- gar

MANNAUDUR

MANNAUDUR skapar samfélag og vinnuumhverfi þar sem fólk tekst að lifa heilbrigðu og gefandi lífi, en á sama tíma að auka samkeppnishæfni og bæta árangur í starfi.

Með þetta að leiðarljósi býður MANNAUDUR stjórnendum, starfsfólki og fjölskyldum þeirra upp á fræðandi fyrirlestra, námskeið og ráðstefnur.

Kynntu þér MANNAUD á www.mannaudur.hr.is

GGTT FÓLK

MANNAUDUR er samstarfsverkefni Háskólans í Reykjavík, Landsbankans, Deloitte, Morgunblaðsins og Nýsköpunarsjóðs atvinnulífsins. Landsbankinn er meginstyrktaraðili verkefnisins.



Morgunblaðið

Deloitte.

VEISTU SVARIÐ?



- 1 Hvar mun ný bjórverksmiðja rísa á næsta ári?
- 2 Hvaða lið er í efsta sæti í Landsbankadeild karla í knattspyrnu?
- 3 Hvaða íslenska hljómsveit nýtur mikilla vinsælda á Filippseyjum?

SVÖRIN ERU Á BLAÐSÍÐU 30

Þjóðarleiðtogar hvetja herstjórnina í Búrma til að halda aftur af sér:

Herstjórnin býr sig undir átök

BÚRMA, AP Leiðtogar margra helstu ríkja heims hvöttu í gær herforingjastjórnina í Búrma til að halda aftur af sér og láta mótmælendur í friði.

Á mánudag hótaði stjórnin í Búrma því að beita hervaldi gegn mótmælendum, sem dag eftir dag halda út á göturnar í borgum landsins til að mótmæla ofríki stjórnarinnar. Eftir að mótmælum lauk í gær setti stjórnin á útgöngubann og sendi fjölda hermanna að pagó-unninni í Rangún, þar sem mótmælendur hafa jafnan safnast saman.

Mótmælin, sem hófust í ágúst, eru orðin þau mestu sem þekkt hafa í sögu landsins frá því að her-



MÓTMÆLENDUR VIÐ SHWEDAGON-PAGÓÐUNA Fjöldmennur hópur hermanna var sendur þangað í gær, eftir að daglegum mótmælum lauk.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP

foringjastjórnin barði niður lýðræðishreyfingu árið 1988.

Á allsherjarþingi Sameinuðu

þjóðanna í New York skýrði George W. Bush Bandaríkjaforseti frá hertum refsiaðgerðum gegn Búrma og hvatti önnur ríki til að beita þrýstingi.

David Miliband, utanríkisráðherra Bretlands, sagði á flokksþingi Verkamannaflokksins í gær að Aung San Suu Kyi, sem árum saman hefur verið í stofufangelsi, ætti að verða næsti þjóðarleiðtogi í Búrma.

Nóbelsverðlaunahafinn Desmond Tutu, erkibiskup í Suður-Afríku, hrósaði íbúum Búrma fyrir hugrekki og líkti þeim við fjölda-hreyfinguna í sínu landi sem steypiti aðskilnaðarstjórninni. - gb

Mjanmar eða Búrma: UMDEILT NAFN Á LANDI HERSTJÓRNAR

Fréttir af fjöldamótmælum í Búrma hafa vakið athygli á nafni landsins, sem opinberlega heitir reyndar Mjanmar.

Bæði nöfnin eru ævægömul og jafngild heiti landsins á tungu stærsta þjóðernishópsins. Búrma er munnlega nafnið, sem fólk notar dags daglega, en Mjanmar er heiti landsins eins og það er skrifað á bókum og opinberum skjólum. Undir nýlendustjórn Breta hét landið jafnan Búrma, en árið 1988 breytti herforingjastjórn nafni þess í Mjanmar. Flestir íbúar landsins nota þó áfram gamla nafnið, stjórnarandstaðan vill halda því og útlagastjórnin, sem hefur aðsetur í Washington, notar einnig nafnið Búrma. - gb



YASUO FUKUDA Fukuda er fylgjandi áframhaldandi stuðningi japansks herliðs við hernaðaraðgerðir Bandaríkjanna í Afganistan.

NORDICPHOTOS/AFP

Þingið klofið í afstöðu sinni:

Nýr forsætisráðherra Japana

JAPAN, AP Japanska þingið kaus í gær Yasuo Fukuda nýjan forsætisráðherra landsins.

Þingið var klofið í afstöðu sinni til Fukuda þar sem meirihluti neðri deildarinnar studdi hann en meirihluti efri deildarinnar studdi keppinaut hans. Neðri deildin varð hlutskarpari í samræmi við þingreglur.

Fukuda tekur við af Shinzo Abe, sem sagði af sér í síðustu viku eftir aðeins tæpt ár í embætti. Röð hneykslismála og tap stjórnarflokksins í efri deild þingsins í júlí sköpuðu vantraust á Abe og flokk hans.

- sdg

Tvítugur maður dæmdur:

Beit í handlegg lögreglumanns

DÓMSMÁL Rúmlega tvítugur maður hefur verið dæmdur í Héraðsdómi Norðurlands eystra í sex mánaða skilorðsbundið fangelsi fyrir að ganga í skrokk á lögreglumönnum þar sem þeir voru við störf sín. Maðurinn beit meðal annars lögreglumann í handlegg, þannig að hann hlaut meiðsl af.

Maðurinn veittist í upphafi að lögreglumanni sem hugðist taka skráningarkerki af bifhjól hans. Annar lögreglumaður skarst þá í leikinn, en maðurinn náði taki á hálsi hans og beit hann síðan.

Maðurinn var jafnframt dæmdur fyrir alvarlega atögu að tveimur öðrum lögreglumönnum sem voru við skyldustörf. - jss

HVERAGERÐI

Rólur í stað Brusselgerðar

Unnur Þormóðsdóttir, bæjarfulltrúi meirihluta Sjálfstæðisflokks í Hveragerði, fékk samþykka tillögu í bæjararráði um að hætt yrði við að senda tvo bæjarfulltrúa í ferð til Brussel og kaupa þess í stað leiktæki á rólulvölinn Hólaró. Sagði Þorgerður tillöguna setta fram í ljósi þess að minnihluti Samfylkingar og Framsóknar hefði ítrekað lýst yfir áhyggjum vegna fjármálaóreiðu meirihluta sjálfstæðismanna. Tillagan var samþykkt samhljóða.



ÞÓRÐÍS TÓMASDÓTTIR Hjónin Þórðís Tómasdóttir og Þór Ingólfsson vilja að hús nágretta þeirra sem er til vinstri á myndinni verði rífið og annað hús einnig vegna þess að húsin samrýmast ekki gildandi skipulagi á sumarhúsavæðinu í Kiðjbergi. Landið er í eigu Meistarafélags húsasmiða.

MYND/EGILL

Hjón krefjast niðurrifs nýbyggðra sumarhúsa

Tvö glény sumarhús í Grímsnesi verða rífin ef farið verður að kröfu hjóna sem eiga eldri bústað í nágrenninu. Leyfi fyrir húsunum byggðist á ógildu deiliskipulagi. Hjónin hafa kært sveitarstjórnina til sýslumanns fyrir aðgerðaleysi.

LÖGREGLUMÁL Sveitarstjórn Grímsness- og Grafningshrepps hefur verið kærð til sýslumannsins á Sel-fossi fyrir að stöðva ekki byggingaframkvæmdir við tvö ný sumarhús í landi Kiðjabergs í Grímsnesi.

Hjónin Þórðís Tómasdóttir og Þór Ingólfsson settu sig ekki við nýtt deiliskipulag sem í næsta nágrenni við bústað þeirra í Kiðjbergi gerði ráð fyrir nýjum frístundahúsum sem mættu vera allt að 250 fermetrar og tvær hæðir. Að sögn hjónanna telja þau friðhelgi sína skerta og eru ósátt við að hafa ekki fengið stækkun á sinni lóð auk þess sem útivistarsvæði hafi verið rýrd.

Hjónin kærðu til úrskurðarnefndar skipulags- og byggingarmála sem í júlí felldi nýja deiliskipulagið úr gildi þar sem sveitarstjórnin hafði ekki auglýst breytingar á skipulaginu. Jafnframt felldi nefndin úr gildi byggingarleyfi sem sveitarstjórnin hafði gefið út vegna tveggja sumarhúsa sem hafa verið í byggingu frá því í fyrra. Þessi hús eru annars vegar 170 fermetrar og hins vegar 109 fermetrar auk 18 fermetra geymslu. Samkvæmt gildandi skipulagi frá 1990 mega húsin ekki vera yfir 60 fermetrar. Hús Þórðísar og Þórs er tæpir 40 fermetrar.

Í lögum er kveðið á um að ef hús séu reist án þess að deiliskipulag sé fyrir hendi sé ekki hægt að breyta skipulaginu til samræmis við húsin nema fjarlægja þau



HÚS ÁN LEYFIS

Annað húsið sem nú er með ógilt byggingarleyfi.

MYND/EGILL



RÚMGOTT

Þetta reisulega hús vilja nágrennahjónin að verði fjarlæggt.

MYND/EGILL

fyrst. Ívar Pálsson, lögmaður Þórs og Þórðísar, hefur því krafist þess fyrir þeirra hönd að húsin verði rífin.

Í kærnu til sýslumanns segir Ívar að þrátt fyrir niðurstöðu úrskurðarnefndarinnar hafi áfram verið unnið í húsunum tveimur. Vegna vanrækslu starfsmanna sveitarfélagsins séu hjónin tilneydd til að kæra sveitarstjórnina til lögreglunnar.

Einnig krefjast hjónin þess að sýslumannsembættið taki sjálft að sér að stöðva framkvæmdir við húsin tvö. Ívar segir að unnið hafi verið í öðru húsinu í síðustu viku

og að starfsmaður byggingarfulltrúa hafi verið á staðnum án þess að aðhafast nokkuð.

„Umbjóðendur mínir geta í ljósi þess og allrar forsögu málsins ekki treyst á að sveitarfélagið eða starfsmenn þess stöðvi hinar ólöglegu framkvæmdir,“ segir Ívar.

Sveitarstjórnin sagði fyrir úrskurðarnefndinni að gæta yrði meðalhófs og hafa í huga hagsmunum húseigenda og sjónarmið um eyðileggingu verðmæta: „Fjarlægging eða niðurrif eignar hans væri augljóslega verulega íþyngjandi,“ segir sveitarstjórn Grímsness- og Grafningshrepps. gar@frettabladid.is

Rýmum fyrir 2008 línunni



AFSLÁTTUR ALLT AÐ 600.000 KR.

Nú er tækifæri til að kaupa draumahjólhýsið á gjafverði. Við bjóðum 2007 árgerðina með 200–600 þúsund kr. afslátt og geymum hýsið til vors, þér að kostnaðarlausu.

Ellingsen

– fullt hús ævintýra



Fiskislóð 1 • Sími 580 8500 • www.ellingsen.is
Opíð mánud.–föstud. 8–18, laugard. 10–16

103"

í háskerpu



26. – 29. september

103" Panasonic flatskjár til sýnis í verslun Sense, Hlíðasmára 3.

Skjárinn er rúmlega 240 sm. á breidd og myndin er í fullri háskerpu.
Komdu og skoðaðu einn stærsta flatskjáinn í dag.



Panasonic



Hlíðasmára 3 201 Kópavogur s: 585 3800 www.sense.is

FANGAÐU AUGNABLIKIÐ

VIÐ TRYGGJUM GÆÐIN!

3ja ára ábyrgð
á öllum OLYMPUS vélum



með OLYMPUS®

YOUR VISION, OUR FUTURE



**OLYMPUS E-510
Double Zoom kit**
10.0 milljón pixlar
Live View á 2,5" skjá
Hristivörn í vél
"Dust Reduction System"
- rykfríar myndir
**Með 14-42 mm og
40-150 mm linsum**
Verð: 89.900 kr.



**OLYMPUS E-410
Double Zoom kit**
10.0 milljón pixlar
Live View á 2,5" skjá
"Dust Reduction System"
- rykfríar myndir
**Með 14-42 mm og
40-150 mm linsum**
Verð: 79.900 kr.



OLYMPUS Mju 780
7,1 milljón pixlar · Stór 2,5" LCD skjár
5x aðráttarlinsa (36-180mm) · Veðurvarið málmhús
BrightCapture tækni eykur myndgæði við litla birtu
Videoupptaka með hljóði · Dual hristivörn
Hleðslutæki og Lithium-Ion rafhlaða fylgja
Verð: 26.900 kr.

OLYMPUS FE-230

7,1 milljón pixlar
3x aðráttarlinsa (38-114mm)
Stór 6,4cm (2,5") LCD skjár
18 handhægar tókustillingar
Nett málmhús (aðeins 16,5mm)
Videoupptaka með hljóði
Sérlega einföld og þægileg í notkun
Taska, hleðslutæki og Lithium-Ion rafhlaða fylgja
Verð: 19.900 kr.



OLYMPUS FE-210

7,1 milljón pixlar
3x aðráttarlinsa (38-114mm)
Stór 6,4cm (2,5") LCD skjár
15 handhægar tókustillingar
Notar AA rafhlöður
Verð: 14.900 kr.



At the heart of the image

Frábærar myndavélar sem fara sigurför um heiminn



NIKON D80
10,2 milljón pixla CCD myndflaga
3 ramar á sekúndu
Hraður 11 punkta sjálfvirkur fókus
ISO 100-1600 (3200 með boost)
18-135mm linsa fylgir
Verð: 134.900 kr.

Í FÓKUS



NIKON D40x
10.2 milljón pixla CCD myndflaga
3 ramar á sekúndu
2,5" LCD skjár
Hraður 3 punkta sjálfvirkur fókus
ISO 100-1600
Lokara hraði 30-1/4000
18-55 mm Nikon DX linsa fylgir
Verð: 89.900 kr.

ÍSLENSKAR LEIÐBEININGAR



NIKON S500

7.1 milljón pixlar
Mjög fljót að kveikja á sér,
eintaklega fljót að smella af
3 x aðráttur í linsu
(tilsvarandi 35-105mm á filmuvél)
VR hristivörn
2,5" LCD skjár
Hús úr ryðfríu stáli

ÍSLENSKAR LEIÐBEININGAR

TILBOÐSVERÐ: 29.900 kr.



NIKON L12

7.1 milljón pixlar
3 x aðráttur í linsu (35 - 105mm)
VR hristivörn í linsu
Video upptaka með hljóði
D - lighting, hugbúnaður til að leiðrétta lýsingu í vélinni
Notar AA rafhlöður (Alkaline duga í um 150 myndir)

Verð: 24.900 kr.



NIKON S200

7.1 milljón pixlar
3 x aðráttur í linsu
(tilsvarandi 38-114mm á filmuvél)
VR hristivörn
2,5" LCD skjár
Rafhlaðan endist í um 230 myndir

ÍSLENSKAR LEIÐBEININGAR

TILBOÐSVERÐ: 24.900 kr.




Nikon OG **OLYMPUS®**
ERU ÁN EFA TVEIR AF VIRTUSTU
MYNDAVÉLAFRAMLEIÐENDUM HEIMS.

ORMSSON

Svona erum við

> Fjöldi gesta á leiksyningar leikhúsa



HEIMILD: HAGSTOFA ÍSLANDS

baksvið

fréttir og fróðleikur

SPURT OG SVARAÐ

JÓLASKREYTINGAR

Lítill hús og stór fyrirtæki

Fyrstu jóla-auglýsingarnar eru farnar að birtast, og meðal þeirra fyrstu til að auglýsa er garðyrkjufélagið Garðlist, sem tekur að sér að setja upp jóla-skreytingar fyrir fólk og fyrirtæki.



BRYNJAR KÆRNESTED Framkvæmdastjóri

Er jólavertíðin hafin hjá garðyrkjumönnum? Þetta er að byrja í þessari viku. Við erum að byrja að taka út garðana og áætla magn af séríum. Við skipuleggjum verkin og byrjum að hengja upp sérir í október.

Hvernig kom það til að garðyrkjufyrirtæki fór að setja upp jóla-skreytingar? Það var nú bara einn daginn sem við gengum inn í fyrirtækið í nóvember í fyrra og sáum tíu starfsmenn í því að mála kerrur. Þá sáum við fyrir okkur að við þyrftum að finna okkur eitthvað annað að gera en hefðbundin garðyrkjustörf.

Hverjir fá ykkur til að setja upp jóla-skreytingar? Það er eiginlega jafn mikið um fyrirtæki og einstaklinga. Þetta er allt frá litlum gördum og upp í stærðarinnar fyrirtæki.

Sagður sýna öll merki harðstjóra

Mikill styr hefur staðið í kringum heimsókn Mahmouds Ahmadinejad Íransforseta í Bandaríkjunum vegna allsherjarþings Sameinuðu þjóðanna þar sem hann flutti ræðu í gær.

Þúsundir manna hafa mótmælt heimsókn Íransforseta við allsherjarþing Sameinuðu þjóðanna og fjölmenn mótmæli voru einnig við Columbia-háskólann í New York þegar Ahmadinejad kom fram á opnum fundi þar á mánudaginn.

Fundurinn var afar umdeildur og sætti háskólinn mikilli gagnrýni fyrir að leyfa forseta Írans að halda fyrirlestur. Meðal annars hótuðu nokkrir þingmenn ríkisþings New York að þeir myndu vandlega íhuga fjárframlög til Columbia-háskólans í framtíðinni.

En fundurinn hefur einnig vakið hörð viðbrögð í Íran þar sem mörgum finnst harkalega hafa verið vegið að Íransforseta.

Lítmótlegur harðstjóri

Rektor háskólans, Lee Bollinger, gætti sín augljóslega á því að sýna enga linkind í spurningum sínum sem hann lagði fyrir Íransforseta á fundinum. Í upphafi fundarins, þegar Bollinger var að kynna Ahmadinejad sem fyrir-



MÓTMÆLENDUR OG ÁHORFENDUR Mynd af Íransforseta með bannmerki yfir andlitid er á meðal þess sem að sjá mátti á skiltum sem mótmælendur héldu uppi á meðan á fyrirlestri Ahmadinejads stóð í Columbia-háskóla.

NORDICPHOTOS/AFP

lesara kvöldsins, talaði hann meðal annars um handtökur og aftökur í Íran og ávarpaði Ahmadinejad með þessum orðum: „Herra forseti, þú sýnir öll merki lítmótlegs og grimms harðstjóra.“ Ahmadinejad svaraði því til að inngangur Bollingers væri „móðgun við staðreyndir og vitneskju áhorfenda“. Sakaði hann Bollinger um að vera undir áhrifum frá fjandsamlegum fréttalutningi Bandaríkjanna og stjórnmálamanna.

Réttur til að efast um helförina

Ahadinejad vék sér oft hjá því að svara spurningum sem beint var að honum og svaraði þess í

stað með öðrum spurningum eða löngum yfirlýsingum um sögu eða réttlæti. Þegar Bollinger spurði Ahmadinejad út í afstöðu hans gagnvart Ísrael og fyrri yfirlýsingar um að þurra beri Ísrael af kortinu sagði Ahmadinejad að Íranar væru vinir allra þjóða og að þeir væru vinir gyðinga.

Ahadinejad hefur opinberlega lýst efasemdum um að helförin hafi átt sér stað. Bollinger sagði slíkar yfirlýsingar geta villt um fyrir ólæsum og fáfróðum. „En þegar þú kemur á stað eins og þennan hér gera slíkar yfirlýsingar þig einfaldlega fátallegan. Sannleikurinn er

eftur á móti sá, að sá atburður mannkynssögunnar sem einna flestar heimildir eru til um er helförin.“ Íransforseti sagðist vera að vernda réttindi evrópskra fræðimanna sem hafa verið fangelsaðir fyrir að „setja spurningamerki við ákveðna þætti“ helfararinnar. Sagði hann helförina hafa verið notaða til að réttlæta illa meðferð Ísraelsmanna á Palestínunum. „Af hverju er það svo að palestínska þjóðin þarf að gjalda fyrir atburð sem hún var engin ábyrgð á?“

Íran gagnrýna fundinn

Fundurinn vakti hörð viðbrögð í Íran. Íranskur ríkisfjölmiðill

GAGNRÝNIN KOM FLESTUM Á ÓVART

Innan við 200 manns gátu orðið sér úti um sæti í fundarsalnum en um 500.000 manns fylgdust með fundinum á stórum skjá á háskólalóðinni. Þar á meðal var Magnús Þór Torfason, sem vinnur að rannsókn á áhrifum alþjóðastofnana á lýðræðisþróun á 19. og 20. öld í doktorsnámi við viðskiptadeild Columbia-háskólans.

Magnús segir marga hafa haft áhyggjur að því að fundurinn yrði dans á rósum fyrir Íransforseta og að hörð gagnrýni Bollingers rektors hafi komið flestum mjög á óvart. „Ég held að fólk hafi fundist ræða Bollingers mjög góð þó að sumum hafi hann fundist fara jafnvel yfir strikið. Forsetanum var greinilega mjög brugðið og það er í raun magnað að fá forseta ríkis til að sitja undir svona sem nánast má kalla svívörðingar.“

Þegar Bollinger sagði Ahmadinejad sýna merki lítmótlegs og

grimms harðstjóra braust út mikið klapp og hlátrasköll að sögn Magnúsar. „En það sem var mest sláandi á fundinum var þegar að Ahmadinejad var spurður um afstöðu sína gagnvart samkynhneigðum í Íran. Hann svaraði því til að það væru engir samkynhneigðir í Íran og við það fóru fundargestir og áhorfendur fyrir utan að hlæja. Ahmadinejad horfði út í salinn og spurði, „Hver sagði ykkur það?“ meðan allir skellihlógu.“

Magnús segir að annars vegar hafi fólk verið að mótmæla Íransforseta og hans stefnu og hins vegar

hafi þeir verið sem gagnrýndu háskólan fyrir að bjóða honum að halda fyrirlestur. „En þarna voru líka Íranar sem voru að mótmæla mótmælunum. Þetta var ekki



MAGNÚS ÞÓR TORFASON doktorsnemi.

hugsað til stuðnings Íransforseta heldur til að benda á að það hjálpar ekkert lýðræði í Íran að Bandaríkjamenn skipti sér af. Í hvert skipti sem Bandaríkjamenn mótmæli sé það einungis vatn á myllu stjórnvalda því að það er auðveldara að mótmæla illu Bandaríkjamönnum heldur en óréttlátum stjórnvöldum.“

FRÁ ÞEIM SEM FÆRDU ÞÉR
THE 40-YEAR-OLD VIRGIN OG KNOCKED UP

Vinningar verða afhendir hjá BT Smáralind, Kópavogi. Með því að taka þátt eru kominn SMS líkub. 99 kr/skeytið.

SUPERBAD

“Fáránlega myndin mynd... með myndnari myndum í langan tíma!”
- Auðunn Blöndal, Tekinn Stöð 2

FRUMSÝND 28. SEPTEMBER

SENDU SMS JA SBF Á 1900 OG ÞÚ GÆTIR UNNIÐ BÍÓMIÐ!

VINNINGAR ERU BÍÓMIÐAR, DVD MYNDIR, TÖLVULEIKIR OG MARGT FLEIRA!

SMS LEIKUR 9 HVER VINGAR BÍÓMIÐ



VEÐUR ELGINN Vel útbúinn maður spjallar í gema meðan hann veður vatnsegl á götu í Kolkata á Indlandi. Miklar rigningar hafa verið síðustu daga á svæðinu. NORDICPHOTOS/AFP

MAHMOUD AHMADINEJAD ÍRANSFORSETI

- Kjörinn forseti Írans árið 2005
- Áður borgarstjóri í höfuðborginni Teheran
- 51 árs og með doktorsgráðu í verkfræði

sagði í gær að hegðun háskóla- rektorsins hafi verið undrunar- verð. „Áður en Ahmadinejad for- seti tók til máls gagnrýndi rektorinn forsetann með því að grípa til yfirlýsinga uppfullum af móðgunum, sem voru að mestu leyti sionistaáróður gegn Íran.“

Rektorar sjö íranskra háskóla birtu í gær bréf til Bollingers þar sem yfirlýsingar hans eru sagðar „ákaflega skammarlegar.“ Bréfinu fylgdu tíu spurningar þar sem meðal annars var spurt af hverju Bandaríkin hafi stutt hinn blóðþyrsta einræðis- herra Saddam Hussein meðan á stríði Íraks og Írans stóð á árunum 1980 til 1988.

Hugo Chavez, forseti Venesú- ela og bandamaður Ahmadine- ejads, sagðist í gær telja að Ahmadinejad hafi lent í „fyrir- sát“. „Ég óska honum til ham- ingju, í nafni venesúelsku þjóð- arinnar, frammi fyrir nýjum yfiringangandi bandaríska heimsveld- isins.“

Hefði verið skrípaleikur

Ahmadinejad óskaði eftir því að fá að heimsækja svæðið í New York þar sem hryðjuverkaárás- irnar á tvíburaturnana áttu sér stað árið 2001 en var synjað af borgaryfirvöldum. Utanríkis- ráðherra Bandaríkjanna, Condolezza Rice, sagði í samtali við CBS sjónvarpstöðina að heim- sókn Íransforseta á svæðið hefði orðið „skrípaleikur“. „Við erum að tala um mann sem er forseti lands sem er líklega stærsti styrktaraðili – ríkisstyrktaraðili – við hryðjuverk,“ sagði Rice.



FRÉTTASKÝRING
SIGRÍÐUR D. GUÐMUNDSD.
sdg@frettabladid.is



„Esjan mín“

Teikni- og myndlistarsamkeppni fyrir fólk á öllum aldri

Í tilefni af 75 ára afmæli SPRON er efnt til samkeppni um bestu myndina af Esjunni.

Keppt er í fjórum aldurshópum: 0-5 ára, 6-11 ára, 12-15 ára, 16 ára og eldri. Dómnefnd er skipuð listamönnunum *Daða Guðbjörnssyni* og *Maríu Sif Danielsdóttur* ásamt fulltrúa frá SPRON. Þau munu velja 3 bestu verkin í hverjum flokki.

Verk vinningshafa ásamt völdum innsendum verkum verða til sýnis í útibúum SPRON.

Veglegir vinningar eru í boði í öllum flokkum.

- 1. verðlaun:** Gjafabréf frá Litum og föndri og gjafakarfa frá Eymundsson.
- 2.-3. verðlaun:** Gjafakarfa frá Eymundsson.

Gefðu sköpunargáfunni lausan tauminn og málaðu eða teiknaðu mynd af Esjunni út frá eigin brjosti.

Skilafrestur er til 10. október.

Skila skal verkunum í SPRON Ámúla 13a, 108 Reykjavík.

75 ára



Nánari upplýsingar í þjónustuveri SPRON í síma 550 1400 eða á spron.is

Þriðja Vísindakaffið í KVÖLD 26.sept.

Skiptir stærðin máli?

- vísindamenn segja frá rannsóknum sem koma öllum við – á mannamáli

● Kaffistofa Listasafns Reykjavíkur – Hafnarhúsi frá kl. 20.00 – 21.30

Hvers mikilvæg er örtækni fyrir framþróun á sviði tækni, heilsu og gervimeðvitundar? Dr. Sveinn Ólafsson og dr. Már Másson frá Háskóla Íslands ætla að ræða málið.

Kaffistjóri er Davíð Þór Jónsson, þýðandi

Allir velkomnir!



RANNÍS



TOSHIBA

MARGVERÐLAUNUÐ HÁGÆÐA SJÓNVARPSTÆKI

Ekki missa af þessu!

RISA **TOSHIBA**
SJÓNVARP
MEÐ RISA
AFSLÆTTI!



47"

47" WLG 66
Full HD 1920 x 1080
ActiveVision
Viðbragðstími: 8ms
2 HDMI tengi

299.000,-

Áður 498.900,-



42"

229.900,-

42" WL67
Full HD 1920 x 1080 / ActiveVision
Viðbragðstími: 8ms / 2 HDMI tengi



42"

199.000,-

42" WL66
1366 x 768 / ActiveVision
Viðbragðstími: 8ms / 2 HDMI tengi



37"

169.900,-

37" WL67
Full HD 1920 x 1080 / ActiveVision
Viðbragðstími: 8ms / 2 HDMI tengi

DVD DR 265



19.900,-

DR-265 DVD Recorder
Skrifaðu þína disk!



DVD SD - 38

18.900,-


Myndbandstæki - DVD
DivX/MP3/NTSC/PAL

HD DVD HD - E1



49.900,-

Háskerpu spilari - næsta kynslóð DVD



DVD SD - 370

12.900,-

HDMI tengi
með UPSCALING1080i
DivX/MP3



Einar Farestveit & Co. hf.

Borgartúni 28 • Sími 520 7900 • ef@ef.is



VID DYRNAR



Móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

Guðrún Ívarsdóttir

andaðist á líknardeild Landspítala Landakoti laugar- daginn 22. september. Útförin verður auglýst síðar.

Sverrir Sighvatsson	Kristín Þórðardóttir
Haukur Sighvatsson	Valgerður Sigurðardóttir
Svanlaug Sighvatsdóttir	
Erla Sighvatsdóttir	Sævar Hallgrímsson
Sigurður Sighvatsson	Póra Helgadóttir
Hilmar Sighvatsson	Bryndís Hreinsdóttir
barnabörn og barnabarnabörn	



Okkar ástkæri

Guðbjartur Guðmundsson

Árskógum 6, Reykjavík,

sem lést þriðjudaginn 18. september verður jarðsunginn frá Bústaðakirkju fimmtudaginn 27. september kl. 13.00. Blóm og kransar vinsamlega afþakkaðir en þeim sem vilja minnast hans er bent á líknarfélög.

Linda Guðbjartsdóttir	Magnús Ársælsson
Steinunn Hlín Guðbjartsdóttir	Erlendur Magnússon
Pétur Guðbjartsson	Birna Margrét Guðjónsdóttir
Jónína Guðbjartsdóttir	Kolbeinn Ágústsson
barnabörn og barnabarnabörn,	
Anna Kristín Linnét	



Innilegar þakkir færur við öllum þeim sem sýndu samúð og hlýhug vegna andláts og útfarar elskulegrar eiginkonu, móður, tengdamóður, ömmu og langömmu,

Jónu Björnsdóttir

Núpalind 6, Kópavogi, áður Vorsabæ 9, Reykjavík.

Gylfi Einarsson	Sigríður Magnúsdóttir
Einar Gylfason	Peter Stegemann
Margrét Gylfadóttir	Guðný Inga Þórisdóttir
Björgvin Gylfason	
ömmu- og langömmubörn.	



Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma, langamma og systir,

Guðrún Jóhanna

Andrésdóttir Norðdahl

frá Hamri,

lést fimmtudaginn 20. september á dvalar- og hjúkrunarheimilinu Grund í Reykjavík. Útförin fer fram frá Dómkirkjunni í Reykjavík, miðvikudaginn 26. september kl. 11.00. Blóm og kransar eru vinsamlega afþakkaðir en þeim sem vildu minnast hennar er bent á Barnaspítala Hringinsins.

Hreggviður Norðdahl	Svava H. Guðmundsdóttir
Svala Norðdahl	
Hrönn Norðdahl	Elís Rúnar Víglundsson
Magnús M. Norðdahl	Elín Jónasdóttir
barnabörn, barnabarnabörn og systkin.	



Okkar ástkæri

Árni Eyjólfsson

Vaðlaseli 6, 109 Reykjavík,

lést af slysförum hinn 19. september. Jarðarförin verður auglýst síðar.

Þórunn Ólöf Sigurðardóttir	Gísli Sigurjón Brynjólfsson
Sigríður Anna Árnadóttir	Arnildur Eva Steinþórsdóttir
Eyjólfur Árnason	
Birna Hrunn Árnadóttir	
Finnur Darri Gíslason	Kristófer Blær Jóhannsson
Eyjólfur Árnason og systkini hins látna.	

LINDA HAMILTON LEIKKONA ER 51 ÁRS Í DAG.

„Ég reyni að lifa venjulegu lífi enda held ég að flest börn vilji venjulega foreldra. Þau hafa engan áhuga á því hversu frægir eða mikilvægir foreldrar þeirra eru. Þau vilja bara að þeir séu eins og hinar mömmurnar og pabbarnir.“



Linda Hamilton leikkona á að baki mörg bitastæð hlutverk í Hollywood. Hið þekktasta er sennilega hlutverk Söruh Connor í Terminator 2.

tímamót

timamot@frettabladid.is



EVROPSKI TUNGUMÁLADAGURINN Laufey Erla Jónsdóttir, verkefnastjóri hjá Stofnun Vigdísar Finnbogadóttur, boðar til hátíðardagskrár í hádeg- inu. Þar munu evrópskir nemar í íslensku við Háskóla Íslands bregða upp svipmynd frá sínu föðurlandi.

FRÉTTABLAÐIÐ/RÓSA

STOFNUN VIGDÍSAR FINNBOGADÓTTUR: FAGNAR EVRÓPSKUM TUNGUM

Tungumálakunnátta Íslendinga er almennt mjög góð

Evrópski tungumáladagurinn er haldinn hátíðlegur víða um álfuna í dag. Dagurinn var fyrst haldinn hátíðlegur á evrópska tungumálaárinu árið 2001 og í kjölfarið lýsti Evrópuráðið, með stuðningi Evrópusambandsins, yfir að 26. september ár hvert yrði tileinkaður tungumálum Evrópu.

„Stofnun í erlendum tungumálum breyttist í Stofnun Vigdísar Finnbogadóttur sama ár og evrópska tungumálaárið var haldið. Síðan hefur stofnunin haldið upp á daginn með einhverjum hætti,“ segir Laufey Erla Jónsdóttir, verkefnastjóri hjá Stofnun Vigdísar Finnbogadóttur.

Að þessu sinni er í boði hátíðardagskrá í hátíðarsal Háskóla Íslands þar sem brugðið verður upp svipmynd frá ýmsum Evrópulöndum. Nemendur í íslensku fyrir erlenda nema við Háskóla Íslands munu þátt í dagskránni.

„Nemendur frá Evrópulöndum eins

og Danmörku, Bretlandi, Þýskalandi, Spáni, Úkraínu og Póllandi munu segja stuttlega frá sínu föðurlandi í máli og myndum. Einnig munu þeir lesa ljóð á eigin tungumáli,“ segir Laufey og bætir við: „Þetta er bæði fólk sem hefur búið lengi á Íslandi og nemendur sem koma gagnert til landsins til að læra íslensku.“

Tungumálakunnátta er almennt mjög góð á Íslandi að sögn Laufeyjar. Hún segir jafnframt nýjar niðurstöður kannana sýna að tæp fimmtíu prósent íbúa í ríkjum Evrópusambandsins telji sig ekki kunna annað tungumál en sitt eigið móðurmál.

„Við höfum ákveðna sérstöðu hér- lendis því langflestir búa yfir góðri tungumálakunnáttu og kunna fleiri en eitt tungumál. Enda lærum við tvö ef ekki þrjú erlend tungumál í grunn- og framhaldsskóla svo ég myndi segja að tungumálakunnátta hérlandis sé miklu

betri en í mörgum öðrum Evrópulöndum,“ segir Laufey Erla. Hún segir enn fremur að markmiðið með deginum sé fyrst og fremst að vekja athygli á hinum ýmsu tungumálum sem töluð eru í Evrópu og vekja fólk til vitundar um menningarlegan fjölbreytileika.

„Dagurinn hefur heimikið að segja. Við viljum gjarnan vekja athygli á því hversu mikilvægt það er að hafa gott vald á eigin tungumáli og annarra. Ekki síst í dag í fjölmenningarlegu samfélagi,“ segir Laufey Erla.

Víða um Evrópu er dagurinn haldinn hátíðlegur og Laufey Erla segist vonast til að sjá sem flesta í Hátíðarsal Háskólans. „Dagskráin hefst klukkan rúmlega tólf og stendur til eitt, svo það er upplagt fyrir fólk að skreppa í hádegishléinu sínu,“ segir Laufey Erla.

Nánari upplýsingar á www.hi.is og www.vigdis.hi.is.

rh@frettabladid.is



Rúnar Geirmundsson Sigurður Rúnarsson Elís Rúnarsson Þorbergur Þórðarson

Alhliða útfararþjónusta

Símar: 567 9110 & 893 8638

www.utfarir.is • runar@utfarir.is



60 ára afmæli

Kristín Ólafsdóttir

amma, mamma, forstjóri, garðagræðir og handverkskona.

Bestu óskir á afmældisdaginn.

Börn og barnabörn.

TOYOTA VINSÆL

Axel Bergmann í Bílabankanum segir ekki nokkurn vafa á því að Toyota sé best í endursölu.

BÍLAR 2



DAGARNIR NÝTTIR VEL

Signý Pálsdóttir fór á vikunámskeið í spænsku í Granada þar sem hún heimsótti einnig dóttur sína og fór á tónlistarhátíð.

FERÐIR 3



allt

HEIMILI HEILSA HÚS BÖRN NÁM FERÐIR MATUR BÍLAR TÍSKA GRÆJUR ATVINNA TILBOÐ VINNUVÉLAR O.FL.

FRÉTTABLAÐIÐ

speedo PUMA

50-70% AFSLÁTTUR AF ÖLLUM VÖRUM KOMDU OG GERÐU GÓÐ KAUP!

VERÐ 1.990

PUMA GERVIGRASBUXUR
Verð áður: 3.990
Stærðir: 116-164

SPORT OUTLET
Vinlandsleið 2-4 • 113 Reykjavík

OPIÐ
Virka daga kl. 12 - 18
Laugardaga kl. 12 - 16



Petrína Ólafsdóttir, eigandi bSpain á Íslandi, selur Íslendingum forkunnarfögur heimili í sólríkum strandhéruðum Spánar.

FRÉTTABLAÐIÐ/RÓSA

Draumarnir rætast

Ilmandi kaffibolli á veröndinni. Útsýni yfir gamalt spænskt fjallaþorp. Merlandi máni á Miðjarðarhafinu. Hoppandi gleði yfir lágum matarreikningi vikunnar. Sól, hvíld og friður; í eigin húsi við ströndina.

Ekkert lát er á aðráttarafla Spánar á íslenska sóldýrkendur.

„Ætli við séum ekki búin að fara tíu sinnum á árinu, í samtals tíu vikur. Það er einfaldlega dásamlegt að eiga sitt heimili á Spáni, fara út með morgunkaffið á veröndina, finna ilm af blómum og lifa innan um sitt innbú þegar degi hallar. Það skemmtilegasta sem við gerum er að versla til heimilisins því það er svo yndislegt að opna budduna þegar reikningurinn er lágur. Ég er með sumarföt tilbúin úti og ekkert annað að gera en stökkva um borð í flugvélinu,“ segir Petrína Ólafsdóttir sem á sitt annað heimili í Campoamor í tíu mínútna fjarlægð frá Torrevieja.

„Æ fleiri láta drauma sína rætast í fallettri fasteign á Spáni. Nú er hægt að fara þangað á lágt verð allan ársins hring og þeir eru margir sem vilja eiga þar heimili að heiman. Á Spáni er ódýrt að lifa, veðurfar yndislegt, eins og menning Spánverja og þjóðin sjálf,“ segir Petrína sem ásamt Svanþóri Þorbjörnssyni, eiginmanni sínum, rekur útibú bSpain á Íslandi, en bSpain er með virtustu fasteignasölum Spánar og dótturfyrirtæki Grupo

Mahersol sem starfað hefur í byggingariðnaði á Spáni við góðan orðstír frá 1966.

„Það skiptir miklu að rasa ekki um ráð fram þegar maður kaupir sér fasteign á Spáni. Eignin verður að vera þannig staðsett að hún mæti kröfum manns og draumum. Fólk verður að vera meðvitað um hvar það kaupir og möguleika á endursölu. Ef kaupandi ætlar að flytjast búferlum finnum við stað þar sem fólk hefur líka vetursetu í stað þess að selja eignir í bæjum sem breytast í draugaþorp á vetrum,“ segir Petrína og bætir við að íbúðir í skýjakljúfum Benidorm séu vinsæll kostur fyrir þá sem vilja leigja út frá sér.

„Þetta eru milliliðalaus viðskipti sem þýðir að engar tafir eru á afgreiðslu því sá sem byggir kappkostar að þjónusta kaupendur sína sem best. Mest seljum við af raðhúsum, en einnig mikið af nýjum íbúðum og ávallt mjög fallegar eignir,“ segir Petrína um framboð fasteigna bSpain á landsvæðinu norðan við Benidorm og alla leið suður til Almería, þar sem uppbygging er nýhafin við fallegar strendur og mikla náttúrufergur.

„bSpain hefur söluskrifstofur í sjö löndum og selur fasteignir beint af byggingaraðila sem veitir tíu ára ábyrgð á eignum. Bankar spá 17 prósentu verðhækkun á þessum fasteignum næstu tvö árin svo fjárfestingin er góð,“ segir Petrína, en Mahersol rekur einnig húsgagnaverslanir og sér um að útvega öll húsgögn fyrir afhendingu.

Hægt að skoða söluskrá á www.bSpain.com.

thordis@frettabladid.is

Er skiptinematvöl eitthvað fyrir þig?

Fjöldmörg lönd í boði. Ársdvöl, hálfársdvöl, 3 mánaða dvöl og 4-6 vikna dvöl. **Hafðu samband!**

Skiptinemar sjá heiminn með öðrum augum



www.afs.is • info-isl@afs.org • 552 5450

SEPTEMBER

Kafbátur mánaðarins

Skinkubátur

...með öllu því grænmeti sem við höfum upp á að bjóða

6 tommu bátur

kr. 299

Gildir í september 2007
Gildir ekki með öðrum tilboðum
Gildir ekki í Stjórnunáli

Vertu skynsamur, vertu hjartagóður.

HjartaHeill

6 grömm af fitu

Sex tommu kafbátur með skinku er einn af 7 undir 6 kafbátunum og inniheldur hann aðeins 5 grömm af fitu.

Nánari uppl. á www.subway.is

Teppi eða ábreiða ætti að vera í öllum bílum. Ef bíllinn bílar eða eitthvað kemur upp á getur verið gott að hafa teppi til að hlýja sér og öðrum.



Rafstilling ehf
startarar - alternatorar - perur
viðgerðir - sala
hröð og góð þjónusta
Dugguvogi 23 - s: 5814991 / 6634942
rafstilling@rafstilling.is

Er brotið ljós?
Beyglað breytti?
Ónýtur stýrisendi?
Slitnir bremsuklossar?

varahlutir.is
Smíðjuvegi 8 (rauð gata) Kópavogi s: 511-2222

**BIFREIÐAVERKSTÆÐI
FRÍÐRIKS ÓLAFSSONAR ehf.**
Smíðjuvegi 22 (Græn gata) · 200 Kópavogi
Sími: 567 7360 · www.bfo.is

SUBARU HONDA NISSAN
Þjónusta Þjónusta Þjónusta

**STÝRISENDAR,
SPINDILKÚLUR
OG FÓÐRINGAR**
í jeppa í miklu úrvali
Japan/U.S.A.

FJALLABÍLAR
Stál og stansar ehf.

Vagnhöfða 7
110 Reykjavík
Sími: 517 5000

FM957
ZÜBER
FRÁ 7 TIL 10
ALLA VIKKA DAGA
NO GETURU LIGA HÖFT
Á ÖKKUN Á FM957.JE!

Toyota best í endursölu

Mjög misjafnt er hversu vel fólki gengur að selja notaða bíla og gjarnan er talað um að ákveðnar tegundir bíla séu betri en aðrar í endursölu. Toyotan hefur notið mikilla vinsælda undanfarin ár og virðist enn vera auðveldust í endursölu hér á landi.

Axel Bergmann í Bílabankanum segir ekki nokkurn vafa á því að Toyotan sé best í endursölu. „Við erum með allar tegundir bíla í umboðssölu en það er mest leitað eftir Toyota-bílunum. Land Cruiser er til dæmis mjög góður sölubíll eins og aðrir frá Toyota,“ segir Axel. Hann bætir við að Subaru og Skoda Octavia séu líka fínir sölubílar ef hægt sé að tiltaka einhverjar tegundir á eftir Toyota-bílunum. „Auðvitað fer það alltaf eftir því hvað bílar eru mikið keyrðir og annað slíkt hvort þeir seljast fljótt eða ekki.“

Axel segir bílakaup ekki sveiflast eins mikið eftir árstímum og áður var. „Sumarið er náttúrulega alltaf best, frá maí fram í ágústlok. Október er oft mjög góður mánuður, nóvember er rólegur en svo getur salan tekið aðeins við sér í desember aftur.“

Spurður hvort það sé áberandi að bílar á bílasölu séu að yngjast, segir Axel: „Já, það er rétt og bílasölnurnar eru yfirleitt ekki með mjög gamla bíla til sölu. Bílar á verðbilinu 100-300 þúsund krónur fara mest í gegnum Fréttablaðið. Það er líklega út af sölulauninum því þau eru yfirleitt um 3,5 prósent af söliverði bílsins auk virðisaukaskatts en þó aldrei minna en 45.000 krónur.“ Hann bendir þó á að innifalið í sölulauninum sé tilkynningin, eigenda-skiptin, veðbókavottorð og annað tilheyrandi.

sigridurh@frettabladid.is



Axel Bergmann hjá Bílabankanum segir Toyota-bíla jafnan seljast fljótt og vel á bílasölu.

Minnsti smábíll veraldar

Hugmyndin að Toyota iQ, sem sýndur var á bílasýningunni í Frankfurt, hróflar við viðtekinni hönnun smábíla af því að bíllinn er agnarsmár en rúmgóður og búinn viðurkenndum gæðum og eiginleikum.

iQ er fram úr hófi fyrirferðarlítð ökutæki sem er fullkomlega hannað fyrir lífsstíl nútímamannsins sem lifir í þéttbýli, um leið og bíllinn



Toyota iQ er agnarsmár en rúmgóður þrátt fyrir það.

mætir æ strangari kröfum um umhverfisvæn farartæki. Þessi laglegi smábíll var hannaður af ED2,

hönnunarstúdíói Toyota í Suður-Frakklandi og fylgdi lögmálum Toyota í hvívetna; hann er kröftugur, skynsamlegur, nútímalegur og hefur skýran tilgang og hlutverk.

iQ er heimsins minnsti fjögurra sæta bíll og vantar tvo sentimetrar í þrjá metra á lengd. Hann er 425mm styttri en Aygo, en sambærilegur Yaris í breidd og hæð. Vel fer um þrjá fulloröna í bílnum og eitt barn, en auk þess má nota fjórða sætið til að stækka farangursrýmið.

-þlg



Hjólabíllinn Carver one tekur tvo farþega í sæti og kemst hæst upp í 185 kílómetra hraða á klukkustund.

Skemmtilegt skoffín

Hlekkurinn milli bíls og mótórhjóls kallast Carver.

Fyrir fjórum árum fór Jeremy Clarkson, þáttastjórnandi Top Gear á BBC, í það sem hann sór að hefði verið skemmtilegasta ökuferð lífs síns. Ferðin var farin á undarlegu apparati, einhverju sem kalla má afkvæmi bifreiðar og mótórhjóls, en ökutækið heitir Carver. Eftir ferðina sagði Jeremy orðrétt:

„Ég verð að segja, tíu fingur upp til guðs, að ég hef aldrei skemmt mér svona vel í bíl, það er hverju orði sannara og ég held að ég muni aldrei fá nóg af honum.“

En hvað er það sem gerir þetta ökutæki svona skemmtilegt? Jú,

Carverinn sameinar það besta úr báðum heimum. Lipurð mótórhjólsins og þægindi bílsins ásamt öryggi sem kemur í kjölfar háþróaðs jafnvægiskerfis sem er að öllu leyti sjálfvirk.

Allir sem hafa almenn ökuréttindi geta ekið þessum bíl en hæst kemst hann 185 kílómetra á klukkustund. Þetta segir okkur að hann er hægfara miðað við flest mótórhjól en sambærilegur miðlungs-fjölskyldubíll, Toyota Camry hefur til dæmis svipað hraðahámark.

Fyrsta útgáfa bílsins var sýnd hinn sjöunda mars síðastliðinn á bílasýningu í Genf, en hann er hannaður og markaðssettur af Carver Europe í Hollandi.

-mhg

Varasamir varahlutir

Tjón sem rekja má til falsaðra varahluta nemur milljörðum Bandaríkjadala á ári hverju og er vaxandi vandamál um heim allan.

Sala á fölsuðum varahlutum í bíla er vaxandi vandamál. Þetta eru aðallega ódýrar og lélegar eftirlíkingar frá Kína og oft er verið að búa til bremsuklossa og tímareimar. Tekjuþap viðurkenndra framleiðenda er mikið en er þó einungis talið vera hluti af því gróðarlega tjóni sem ónýtir varahlutir valda bifreiðaeigendum.

Að útliti til skera fölsuðu hlutirnir sig almennt ekki úr, hvorki hvað varðar vörumerki eða umbúðir en hins vegar kosta þeir yfirleitt ekki nema fjórðung til helming af því verði sem viðurkenndir hlutir fara á. Mikill munur er á gæðum og endingu og hafa prófanir leitt í ljós að fölsuðu varahlutirnir endast tvisvar til þrisvar sinnum skemur en hinir viðurkenndu. Öryggi bíla með falsaðum varahluti er auk þess mun minna.

-hs



Algengt er að tímareimar og bremsuklossar séu falsaðir.

Verkjatöflur er skynsamlegt að hafa með á ferðalögum. Maður veit aldrei hvort maður veikist og þá getur verið gott að eiga eitthvað til að lina verkina og komast í gegnum ferðalagið.



Signý nýtur lífsins í Granada.

Tveir góðir dagar úr hverjum einum

Fleira er hægt að gera á Spáni en stunda sólböð, sjó- og skipulagðar skoðunarferðir. Lífskústnerinn Signý Pálsdóttir lét draumana rætast, dreif sig á vikunámskeið í spænsku og tónlistarhátíð í leiðinni.



„Ég var eina viku í Granada á Suður-Spáni nú í júlí og það var hápunktur góðs sumars hjá mér,“ segir Signý brosandí og heldur áfram. „Þar sameinaði ég það sem mig langaði mest, að læra spænsku, vera samvistum við dóttur mína og tengdason og njóta tónlistar á hverjum degi.“

Signý segir tengdasoninn Javier Jáuregui hafa átt hugmyndina að þessari ferð en hann og Guðrún Jóhanna Ólafsdóttir, dóttir Signýjar, búa á Spáni. „Javier var einn af skipuleggjendum alþjóðlegru tónlistarhátíðarinnar Interpretación de la Canción Española í Granada. Hún snerist um túlkun spænska söngsins og gaf þátttakendum og áhængendum þeirra kost á ótal námskeiðum. Ég skráði mig í krefjandi spænskunámskeið sem þýddi sex klukkustundir á dag og lærði meira en ég hefði trúað fyrirfram. Sambýlismaðurinn gerði

Á matvörumarkaðinum í Albacín-hverfinu. Þangað fór einn kennarinn með nemendahópinn og kenndi honum að kaupa hráefni í pællu sem síðan var matreidd og snædd.

grín að mér þegar ég kom heim og sagði að ég væri kominn með spænskan hreim!“

Signý kveðst hafa notið þess að ganga um götur borgarinnar og skoða arfleifð márameningarinnar, meðal annars á leið sinni í skólann Castila sem er í gömlu húsi í Albacín-hverfinu. „Þau heita Carmen svona hús í Andalúsíu sem byggð eru kringum garð,“ útskýrir hún og lýsir líka deginum eftir skóla. „Ég hittir dóttur mína um hálf þrjú leytið ef hún var laus en hún kenndi söng á hátíðinni. Oft borðuðum við góða máltíð saman undir berum himni og fengum okkur svo síestu sem gerði það að verkum að ég fékk eiginlega tvo daga út úr hverjum einum því ég vaknaði endurnærð eftir korterssvefn og langaði bara aftur í skólann. Síðdegis hafði ég úr mörgu að velja á tónlistarsviðinu ef ég var ekki að skoða eitthvað merkilegt og á kvöldin eftir tónleika var farið aftur út að borða því Spánverjar leggja mikið upp úr mat. Af því að ég var þarna með dóttur og tengdasyni var mér boðið heim til þekktara tónlistarmanna sem búa í Granada. Einnig fór ég í hella og sá þar flottan flamengóðans. Allt var þetta ævintýri líkast.“

gun@frettabladid.is



Granada er á heimsminjaskrá Sam-einuðu þjóðanna. Hér er götumynd úr Albacín-hverfinu.



Með dóttur sinni Guðrúnu Jóhönnu og tengdasyninum Javier Jáuregui. Alhambrahöllin í baksýn.

Um Castila skólann

UPPLÝSINGAR FRÁ SIGNÝJU PÁLS

- Hægt að panta frá einni viku uppí 50.
- Mismunandi stig eftir getu og óskum.
- Aldrei fleiri en sex í bekk.
- Nýr kennari í hverri kennslustund.
- Ein vika kostaði í sumar 290 evrur eða 25 þúsund íslenskar krónur. Vikugjald lækkar ef þær eru fleiri.
- Heimasíðan er www.castila.es.
- Skólinn útvegar húsnæði hjá fjölskyldum í Granada – með fæði eða án.

KAUPMANNAHÖFN – LA VILLA

Heimaging á besta stað í bænum. Byður alla Íslendinga velkomna. Geymið auglýsinguna.

www.lavilla.dk S.0045 3297 5530. GSM. 0045 2848 8905

Auglýsingasími

512 50 50

– Mest lesið

Bókaðu strax og tryggðu þér lægsta verðið og bestu gistinguna!

Beint morgunflug til Salzburg



Skíðaveisla

í Austurríki - Flachau - Lungau - Zell am See

frá 29.990 kr.*

Heimsferðir bjóða beint morgunflug til Salzburgar næsta vetur og þar með tryggjum við þér aðgang að bestu skíðasvæðum Austurríkis, s.s. Flachau, Lungau og Zell am See. Tryggðu þér flugsæti og gistingu á besta verðinu og taktu þátt í skíðaveislu Heimsferða í Austurríki næsta vetur.

22. des. – 14 daga jólaferð
5. jan. – 10 dagar
15. jan. – 11 dagar
26. jan. – vika
2. feb. – vika
9. feb. – vika
16. feb. – vika
23. feb. – vika
1. mars – vika

Frábær gisting í boði! - Flachau, Lungau og Zell am See



Frábært verð

Kr. 29.990

* Flugsæti með sköttum, fargjald A. Netverð á mann með 10.000 kr. afsl.

Kr. 77.590

– vikuferð með hálfu fæði

Netverð á mann með 10.000 kr. afslætti, m.v. gistingu í tvíbýli á Skihotel Speiereck í Lungau með hálfu fæði í 7 nætur. Vikuferð 26. janúar eða 1. mars.

Kr. 99.990

– Frábært **** hótél með hálfu fæði

Netverð á mann með 10.000 kr. afslætti, m.v. gistingu í tvíbýli á Hotel Unterberghof í Flachau með hálfu fæði í 7 nætur. Vikuferð 26. janúar eða 1. mars.





Reykjavík
International
Film
Festival

Alþjóðleg kvikmyndahátíð í Reykjavík

**27. SEPTEMBER
7. OKTÓBER
2007**

www.riff.is

DAGSKRÁ



Landsbankinn



Hlaðborðið svignar

Fjórða Alþjóðlega kvikmyndahátíðin í Reykjavík er stærsta kvikmynda hátíð sem hefur farið fram á Íslandi. Á dagskránni eru 87 myndir af öllum stærðum og gerðum, stuttar og langar, léttar og þungar, evrópskar, amerískar, asískar...

Fimmtán leikstjórar keppa um gullna lundann, aðalverðlaun hátíðarinnar, sem eru veitt framúrskarandi leikstjóra sem er að stíga sín fyrstu skref í flokknum Vitranir. Þrettán reyndari leikstjórar sýna nýjustu myndir sínar Fyrir opnu hafi og fjórtán heimildarmyndir varpa nýju og óvæntu ljósi á heim sem við töldum okkur þekkja. Þá eru ótaldir kvikmyndir um stríðið í Írak, innsýn í höfundarverk Fassbinders, Kaurismäkis og tékkneska leikstjórans David Ondricek, auk fjölda mynda frá Spáni og Íslandi. Og þetta er bara kvikmyndadagskráin! Hljómleikar, málþing og námskeið mynda næstum því jafnstóran hluta Alþjóðlegrar kvikmyndahátíðar og því er mikilvægt að kynna sér dagskrána vel.

Upplýsingamiðstöð í Hressó,

Opið 11-20. Sími 615-3070

Hátíðin fer fram í Regnboganum, Háskólabíói,

Tjarnarbíói og Norræna húsinu.

Miðasala á riff.is

Geymið dagskrána

Peter Greenaway mætir á elleftu stundu!



Leikstjórinn og listamaðurinn Peter Greenaway hlýtur heiðursverðlaun fyrir ævistarf í þágu kvikmyndaleikstjórna.

Leikstjórar eru oftast ekki með mjög þetta dagskrá og erfitt að skipuleggja ferðir á hinar og þessar kvikmyndahátíðir heimsins. En Peter Greenaway lifir í núinu og vildi endilega koma á hátíðina í ár. „Ég gæti verið kominn undir græna torfu á næsta ári. Áður en ég dey vil ég heimsækja Ísland, þótt það sé ekki nema í sólarhring,” sagði Greenaway þegar hann þáði boð hátíðarinnar.

Greenaway hlýtur sérstök verðlaun á hátíðinni fyrir ævistarf í þágu kvikmyndaleikstjórna. „Að fá verðlaun á Íslandi fyrir ævistarf er sérstakur heiður,” sagði Greenaway. „Ég veit að kvikmyndageirinn er í miklum blóma á Íslandi, á meðan hann er að deyja annars staðar í heiminum.”

Bretinn Peter Greenaway er einn fremsti kvikmyndagerðar maður heims enda er nálgun hans á kvikmyndaformi algjörlega einstök. Árið 1980 leikstýrði hann sinni fyrstu kvikmynd í fullri lengd, *The Falls*. Greenaway er einna frægastur fyrir myndina sína *The Cook, The Thief, His Wife and Her*

Lover (1989) sem allir ættu að þekkja.

Nýjasta verk hans, *Nightwatching* (2007), byggir á frægu málverki Rembrandt og var frumsýnt í keppninni á kvikmyndahátíðinni í Feneyjum fyrir stuttu. Kvikmyndir hans hafa tekið reglulega þátt í keppnum á stórhátíðunum í Cannes, Feneyjum og Berlín. Hann hefur leikstýrt tólf myndum í fullri lengd og fimmtíu stuttmyndum og heimildamyndum.

Greenaway brúar bilið á milli nútímamyndlistar, kvikmynda og alls sem hægt er að finna þar á milli. Hann er virtur um heim allan fyrir fjölbreytta og frumlega listsköpun og það er sannur heiður að fá hann sem gest á Alþjóðlega kvikmyndahátíð í Reykjavík í ár.

Greenaway mætir í lokahófið 6. október þar sem verðlaunaafhending fer fram og þá kemur í ljós hver af ungu og uppnennandi leikstjórunum hlýtur Gullna lundann.



„FASTEST GROWING

Í tilefni af viðurkenningunni „Fastest Growing Bussiness“
sem Rekkjan heilsurúm hefur hlotið frá King Koil og heimsóknar
framkvæmdarstjóra King Koil til Íslands verða öll heilsurúm frá King Koil

seld með 20% afslætti 22.-29. september.



AVERY
Spine support
(Full XL 135x203)

kr. 84.800



AVERY
Spine support
(Queen size 153x203)


kr. 89.900

AVERY
Spine support
(King size 193x203)

kr. 129.800

AVERY
Spine support
(Twin XL 97x203)

kr. 68.900





By King Koil®



BUSSINESS AWARD“

COMFORT SOLUTIONS BY KING KOIL


AMERÍSKAR HEILSUDÝNUR Í HÆSTA GÆDAFLOKKI.

King Koil hefur framleitt hágæða rúm í Bandaríkjunum síðan árið 1898 og framleiðir í dag einu dýnnar sem eru bæði með vottun frá FCER (Alþjóða rannsóknasamtök kíropraktora) og Good housekeeping (stærstu neytendasamtök í Bandaríkjunum).




AVERY
Spine support
(Cal King size 183x233)

kr. 129.800



SVÆDASKIPTUR STÍFLEIKI

Öll heilsurúm frá King Koil eru með 3 til 5 svæðaskiptum stífleika, bæði í gormakerfi og bólstrun, til að veita fullkomna þrýstijöfnun og réttan stuðning við axlir og mjóbak.



Allt í sleik

Það er orðið ansi langt síðan bílabíó var síðast á Íslandi. Úr því verður bætt miðvikudagskvöldið 3. október kl. 20.30. Stærsta flugskeyli landsins, á gamla varnar svæðinu við Keflavíkflugvöll, verður lagtundirkvikmyndaþyrstan bílafloa Íslendinga. Þetta er amerískur viðburður á (áður) amerískri grundu og myndin sem sýnd verður er að sjálfsgöðu American Graffiti. Myndin er að margra mati með því amerískasta sem gerist – eins konar endurlit frá gullöld Bandaríkjanna. Þar segir frá fjórum vinum sem ákveða að rúnta um bæinn og njóta lífsins til fulls síðasta kvöld sumarsins – síðasta kvöldið áður en þeir halda hver í sína áttina í háskóla. Myndin inniheldur allt sem amerískt er: stóra bíla, rokk og ról, og að sjálfsgöðu kornungan Harrison Ford. Skyldumæting fyrir öll ástfangin þör. **Aðgangseyrirer 1000 krónur á bíl.**



VARÚÐ! Ókind í Laugar- dals- lauginni

Stórhættulegur og blóðþyrstur hvíthákarl mun sjást í Laugardalslaug laugardags kvöldið 29. september kl. 20.00. Hákarlinn sást fyrst í kvikmyndinni Jaws árið 1975 og hefur síðan verið duglegur við að skelfa sól dýrkendur. Jaws markaði upphaf nýrra tíma í Hollywood, tíma „blockbuster“-stórmyndarinnar, og gerði Steven Spielberg að vinsælasta leikstjóra samtímans. Á sama hátt mun sundbíó Alþjóðlegrar kvikmyndahátíðar umblyta hefðbundnum kvikmyndasýningum. Sýningartjaldi verður komið fyrir ofan í sjálfri sundlauginni og myndinni verður varpað þangað. Þá verður sérstöku hljóðkerfi sem varpar hljóði undir yfirborði vatnsins komið fyrir. Fyrir yngri kynslóðina verður hins vegar barnvæn dagskrá með blönduðu efni frá kl. 19 til 20.



Daniel- son á heima- velli

Daniel Smith er furðufugl. En hann er skrambi hæfileikaríkur furðufugl eins og sannast á plötum hans sem eru hver annarri betri. Hljómsveitin hans – Danielson – heldur tónleika í Fríkirkjunni 5. október. Hvar er betra að sjá skrítnustu (og líklegast bestu) kristilegu rokkhljómsveit í heimi? Grípið Daniel, eiginkonu hans, systkini og frændsystkini líka á spurt og svarað sýningu á sýningu heimildar myndarinnar Danielson: A Family Movie 4. október.

Miðaverð á tónleikana er aðeins 2.500 krónur. Miðasala á miði.is og í verslunum Skífunnar.



Ævisaga í tónum

Heiðursverðlaunahafi Alþjóðlegrar kvikmynda-hátíðar í Reykjavík er ekki bara snillingur á sviði kvikmyndaleiks. Hanna Schygulla er einnig frábær söngkona og hún ætlar að deila ævisögu sinni með Reykvíkum á Nasa 4. október. Ævisöguna flytur hún einungis gegnum sönginn, með lögum eftir Schubert, Brecht, John Lennon og Bob Dylan, suður-amerískum þjóðlögum og svona mætti áfram telja. Þetta er nútímalegur kabarett með einni skærustu stjórn þjóðverja og sannarlega ógleymanleg upplifun. **Miðaverð á tónleikana er aðeins 2.500 krónur. Miðasala á miði.is og í verslunum Skífunnar.**



Heims- frum- sýning!

Kvikmyndin Campillo, já verðurheimsfrumsýndföstudaginn 28. september að viðstöddum leikstjóranum Andrés Rubio og bæjarstjóra Campillo, Francesco Moretti. Myndin er heimildarmynd um bæinn Campillo sem hefur notið vaxandi vinsælda meðal homma og lesbía sem koma þangað til þess að gifta sig. Moretti þykir frjálslýndur með eindæmum og hefur tekist að fjölga íbúum bæjarins í fyrsta sinn í áraradír.



Evrópu- frum- sýning!

Að sjálfsgöðu verður mynd um þrjá sígauna á ferðalagi frá norðurhluta Tékklands til Slóvakíu Evrópufrumsýnd á Íslandi. Rótleysi segir frá Jura, sem er nútímalegur ungur háskólanemi, og pabba hans, Roman, sem hefur ákveðið að Jura eigi að giftast dóttur besta vinar síns. Roman býður syni sínum með í ferðalag að hitta þessa stúlku. Jura er hneykslaður og þverneitar en lætur loks undan þrýstingi föður síns og heldur hikandi af stað í ferðalag sem mun verða töluvert trylltara en Jura gæti nokkurn tímann ímyndað sér. Með í för er fjölskylduvínurinn Stano, sérlega ósiðmenntaður villingur sem laðar að sér vandræðin í þessari kexrugluðu vegamynd. Leikstjórinn Jiri Vejdelek svarar spurningum á frumsýningunni 5. október.



Ekki missa af....

Julia Reichert og Steven Bognar, leikstjórar hinnar áttakanlegu en jafnframt frábæru **Ljón innanhúss** munu halda námskeið um klippingu heimildarmynda. Námskeiðið fer fram í Norræna húsinu þann 3. október frá kl. 13:00 – 16:00.

Þrjú bandarískir kvikmynda-gerðarmenn og blaðamenn sem eru allir vanir því að starfa við stórhættulegar aðstæður í Írak segja frá

reynslu sinni á málþingi um Íraksstríðið sem fer fram í Norræna húsinu hinn 5. október kl. 12.

El Ejido, lögmál hagnaðarins gerir grein fyrir hræðilegum aðbúnaði innflytjenda sem starfa við matvælaíðnaðinn á Norður-Spáni. Fulltrúar viðskipta-lífsins og mannréttinda-samtaka ætla að leita lausna 28. september kl. 8 í Norræna húsinu.

Hvað ætlar þú að sjá?



Dagur Kári leikstjóri

Listin að gráta í kór



Peter Schonau Fog var bekkjarbróðir minn í kvikmyndaskólaogégghlakka til að sjá fyrstu mynd hans, „Kunsten at græde i kor“, sem sló í gegn í Danmörku og hefur farið sigurför um kvikmyndahátíðir. Myndin fjallar um sífjaspell en tónninn er gamansamur; hvernig þetta tvennt fer saman verður fróðlegt að sjá. Miðað við viðtökur virðist hið ómögulega hafa heppnast...

Innflutningur, Útflutningur



Síðast þegar ég sá mynd eftir Ulrich Seidl (Dog Days), kastaði ég upp þegar viðbjóðurinn var kominn á óbærilegt stig. Það er ekki oft sem kvikmyndir framkalla jafn líkamleg viðbrögð og því er ég spennur að sjá hvaða ógeðsdrykk hann matreiðir í þetta skiptið. Ulrich Seidl er athyglisverður kvikmyndagerðarmaður og konungur austurrísku úrkynjunarbylgjunnar.

Þið, lifendur



„Songs From The Second Floor“ er ein af mínum uppáhalds myndum. Roy Anderson beitir einstökum og afar óvenjulegum aðferðum við kvikmyndagerð sína. Í „Songs From The Second Floor“ var hver sena aðeins eitt skot og það tók að meðaltali einn mánuð að kvikmynda hverja senu. Það verður fróðlegt að sjá hverju hann bryddar upp á í þetta skiptið.



Elísabet Rónaldsdóttir kvikmynda-gerðamaður

Andlit fikjutrésins



Ég trúí því að frumraunir, sama hversu gallaðar þær svo geta verið, feli í sér kraft semekki verðurendurtekinn. Ég er því spennur að sjá þessa frumraun japönsku leikkonunnar Momoi, sem meðal annars lék í Memoirs of a Geisha.

Himinbrún



skartar sjálfri Hönnu Schygulla, heiðursgesti hátíðarinnar, í einu aðalhlutverkannaundirleikstjórn Fatih Akin og ég vil alls ekki missa af henni. Myndin var í keppninni í Cannes sem eru góð meðmæli, og handritið. valið það besta. Mér finnst líka merkilegt að sami maðurinn, Andrew Bird, hefur klippt allar myndir Akins. Það er svo frábært að sjá svona nána samvinnu því þá er alltaf hægt að taka hlutina skrefinu lengra.

Stelpur Rokka! Og Grautarskálin



Kæmi ekki til greina að missa af alvöru rokki. Tek börnin með og nýt þess að geta veitt þeim góða skemmtun, ögrun og um leið gagnrýna hugsun sem er lykillinn að valfrelsi þeirra í lífinu. Ég fagna í hvert skipti sem okkur gefst færi á að sjá heimildarmyndir eða stuttmyndir í kvikmyndahúsi. Ég mun því fara á þær sem flestar. íslenskar og erlendar.

Hanna Schygulla

Hlýtur heiðursverðlaun fyrir ævistarf í þágu leiklistar í kvikmyndum og heldur tónleika á NASA, 4 október, kl. 21.00

Leikstjórinn þýski Rainer Werner Fassbinder var einn merkasti leikstjóri þýska „nýbíosins“ ásamt Werner Herzog, Wim Wenders og fleirum. Fassbinder var goðsögn í lifanda lífi og í ár minnumst við þess að 25 ár eru frá því að Fassbinder lést sviplega eftir að hafa tekið inn banvænan lyfjaskammt. Hanna Schygulla lék í meira en tuttugu Fassbinder-myndum og varð eins konar listgyðja eða músa hans. Hún er enn að leika á fullu og leikur í myndinni Himinbrún (Edge of Heaven) sem sýnd er á hátíðinni.

Hvernig var að hitta Fassbinder í fyrsta sinn?

Ég hiti Fassbinder í fyrsta sinn þegar ég var ennþá í leiklistarskóla. Ég tók strax eftir þessum mjög feimna strák sem var samt sem áður algjör uppreisnarseggur. Það var eitthvað við þennan töffara með góðlega augnaráðið, andlitið ennþá þakið unglingsbólum, og ég hugsaði strax: Þessi er ekki eins og allir hinir.

Hvað er það við Fassbinder-myndirnar sem gerir þær merkilegar?

Fassbinder gerði meira en fjórutíu myndir á þrettán árum. Það er sama hversu ólíkar og ójafnar þær eru það eru alltaf stórkostleg augnablik í þeim öllum sem sýna fram á snilligáfu hans.

Hver er uppáhalds Fassbinder-myndin þín?

Uppáhalds Fassbinder-myndin mín heitir Fear Eats Soul þó að ég sé ekki í henni, eða kannski af því að ég leik ekki í henni. Þetta er mjög tilfinningarík saga um mátt og einnig máttleysi ástarinnar þegar samfélags- og kynþáttarfordómar eru annars vegar.

Hvað er minnisstæðast við vinnuna með Fassbinder?

Það stórkostlegasta við að vinna með Fassbinder var neistinn á milli okkar og hvernig við gátum tjáð okkur án orða.

Hvernig er að vinna með ungum leikstjóra eins og Fatih Akin í myndinni Himinbrún (Edge of Heaven)?

Það er frábært að fá að vinna með ungum manni sem er jafn jákvæður og hann og hefur jafn opið hjarta og getur sýnt fram á að alltaf sé von, sama hverjar aðstæður eru.

Ætlarðu að halda áfram að syngja og leika fram í rauðan dauðann?

Ég vil halda áfram að vinna svo lengi sem ég finn að það er eitthvað nýtt að gerast. Alveg eins og ég vil halda áfram að lifa svo lengi sem ég finn að hver dagur er nýr dagur.



„Alkóhól á að vera kalt...“

„...kalt, eins og tinþak að vetri til.“ Svo segir finnski leikstjórinn Aki Kaurismäki, en hann hlýtur heiðursverðlaun fyrir framúrskarandi listræna kvikmyndasýn. Kaurismäki er einn helsti andófsmaður meðal kvikmyndagerðarmanna í dag og á í eilífri baráttu gegn meginstraumnum og formúlumyndunum. „Ég er lélegur kvikmynda-gerðarmaður,“ segir Aki, „en ég neita að gera rusl,“ heldur hann áfram og vísar til Hollywood. Finnlandsþríleikur Kaurismäkis verður sýndur í heild sinni og Kaurismäki mun ræða við íslenska aðdáendur í Norræna húsinu 29. september kl. 12.00. Komið þangað ef þið viljið heyra gullmolana með eigin eyrum.



Spænskt góðgæti

Fyrirtækið Karl K. Karlsson er sérstakur velunnari spænska flokksins og mun bjóða upp á léttar veitingar á undan frumsýningum á spænsku myndunum fjórum – Campillo, já, Dökkblárnæstumsvartur, Ég og Járnbrautarstjórur. Það sem verður á boðstólum er að sjálfsögðu allt frá Spáni. Um er að ræða hráskinku frá Elpozo, geitaost frá Garcia Baq, Manchego og Pago-ávaxtasafa. Allar nánari upplýsingar um spænska flokkinn er að finna í dagskrárriti og á vefsíðu hátíðarinnar.



ÉG ER ENGIN STJARNNA, BARA SPÝTU- STRÁKUR

GOSI

MIÐASALA
HAFIN



EFTIR CARLO COLLODI

Leikstjóri Selma Björnsdóttir
Leikmynd Vytautas Narbutas

Leikgerð Karl Ágúst Úlfsson
Tónlist Þorvaldur Bjarni Þorvaldsson
Búningar María Ólafsdóttir

LEIKARAR

Víðir Guðmundsson
Halldór Gylfason
Aðalbjörg Árnadóttir
Jóhann Sigurðarson
Sverrir Þór Sverrisson (Sveppi)
Pétur Einarsson
Kristjana Skúladóttir
Magnús Jónsson
Davíð Guðbrandsson
Unnur Elísabet Gunnarsdóttir

SÝNINGARTÍMAR

Fös 12/10 kl. 20 **FORSÝNING**
Lau 13/10 kl. 14 **FRUMSÝNING**
Sun 14/10 kl. 14
Sun 28/10 kl. 14
Lau 3/11 kl. 14
Sun 4/11 kl. 14
Sun 11/11 kl. 14
Lau 17/11 kl. 14
Sun 18/11 kl. 14
Lau 24/11 kl. 14

MIÐASALA | SÍMA 568 8000 - www.borgarleikhus.is

BORGARLEIKHÚSIÐ



Góða skemmtun!



www.mastercard.is/bio

Pallbílur



IMP www.imp.is
Sími 483-3227



Islandus.com
www.islandus.com - Sími 512 3000
VERÐHRUN!
Ford Dodge Jeep
Haustútsölur / USA
10% Útborgun - Íslensk Ábyrgð

Reyfarakaup á haustútsölum. 2007 Ford F150, Toyota Tacoma eða Dodge RAM frá 1990þús! Stærri pallbílur og sendibílur benzín/dísel á tombólverðum. Nýjir/Nýlegir bílar frá USA/Evrópu allt að 30% undir markaðsverði. Íslensk ábyrgð. Frá 10% útborgun. 30 ára traust fyrirtæki. Sími 5522000 www.islandus.com

Mótorhjól



Til sölu Kawasaki GPX 750 árg. '87, v. 120 þús. Uppl. 869 8580, Pétur.

Icebike.is auglýsir

Til sölu er mikið úrval af mótorhjólum - fjórhjólum, aukahlutum á mótorhjól, dekk á mótorhjól og fjórhjól, fatnaður og margt fleira. Sími 421 5452 & 867 1282.

Fellihýsi

Felli- og hjólhýsageymsla
Upphitað og nýstandsett geymsluhúsnæði. Hálf tíma akstur frá Rvk. Uppl. í s. 897 3060.

Bátar

Sala-skipti. Avon 3m slöngubátur og Mercury 9,9 hö utanborðsmótor til sölu (sjá mynd á mbl.is undir bátar). Á sama stað óskast 40-60 hö utanborðsmótor. Uppl í síma 698 5111.

Bílaþjónusta



BÓNHÖLLIN
Súðarvogi 4
Sími: 517 5399

Aukahlutir í bíla

Glæný ónotuð 17" 75/65 á 6 gata álf-elgum af Patrol. Uppl. s. 847 4846/893 2208.

38" GH dekk á 13" stál felgum. Rúmlega hálfslitín. Uppl. s. 893 2208/847 4846.

Hjólbarðar

4 stk dekk 255/65 16" á 15 þ. S. 896 8568.

Varahlutir

Varahlutir í VW Golf, Polo og Yaris, Renault Kangoo. Viðgerðir. Kaupi bíla. Uppl. í s. 554 1610 & 892 7852.

Rafstilling ehf.
Dugguvogi 23
Startarar. Alternatorar. Nýir hlutir, skipti hlutir, viðgerðir áratuga reynsla. Hröð þjónusta, mikið úrval.
Sími 581 4991, GSM 663 4942.

Partasalan Sími 557 7740
Partasalan Skemmuvegi 30, sími 557 7740. Eigum varahlutir í Volvo, Opel, Nissan, Toyota, Renault, Honda og fleira.

Partaland s. 567 4100
Stórhöfða 18, R. Varahlutir í Pajero, Lancer, Trooper, Galloper o.fl. teg.

Bílapartar ehf
S. 587 7659.
Eigum mikið úrval af varahlutum í flestar gerðir Toyota bifreiða. Kaupum Toyota bíla. Opíð virka daga frá kl. 9.00 - 18.00. Grænumýri 3 Mosfellsbæ www.bilapartar.is

Japanskar Vélar/Bílastart, Bílapartasala
Erum að rífa flestar gerðir japanskra og kóreskra bíla, Fiat, Opel, VW o.fl. sérstök áhersla á Nissan og MNC. Opíð 08-18. S. 893 2284 & 565 3400, partasolur.is

KEYPT & SELT

Til sölu

Whirlpool þvottavél fæst fyrir lítið. Einnig Aribush brúnkusprautunartæki til sölu. Uppl. í s. 893 1577 e.kl. 17.

Ísskápur, tvískiptur 145 cm. V. 8 þ. og Electrolux þvottavél V. 8 þ. S. 898 5180.

Þvottavélar og Þurrkarar
Til sölu nokkrar yfirfamar þvottavélar og Þurrkarar. Tökum bílaðar upp í. Einnig varahlutir í þvottavélar. S. 847 5545.



Harmonikkuhúdurir
Besta lausn fyrir þröng rými. Adcco ehf. S. 586 9010 eða addco@addco.is



EG-Tónar. Úrval af harmonikum auk fylgihluta, frá kr.29.000. Akureyri S.462 7374 & 660 1648. Reykjavík S.568 3670 & 824 7610 Kennsla fyrir byrjendur.

Hljóðfæri



Da Cabo þjóðlagagítar, poki og stilliflauta. Kr.13.900.- Gítarinn, Stórhöfða 27. Sími 552 2125 www.gitarinn.is - gitarinn@gitarinn.is

Vélar og verkfæri



Brotfleygar
Sterkir og endingargóðir Rhino brotflögur til afhendingar strax!
STURLAUGUR & CO
Fiskilóð 14 - 101 Reykjavík
Sími 4 123 000
www.sturlaugur.is

Tölvur



Hringiðan
INTERNET tengingar
ADSL eða Síðabíli
Verð frá **3.990,-** kr.
525 2400
www.vortex.is

Gefins

3 yndislegir kettlingar, 2 læður og 1 högni, fást gefins á góð heimili. Uppl. í s. 659 6201 eða 534 6311.

Óska eftir ísskáp og þvottavél gefins, má vera bílað. Uppl. í s. 896 8568.

Verslun



Amor
Egg í miklu úrvali frá kr. 590,-
Tilboð á DVD
Frábært úrval af nýjum titlum.
Full búð af nýjum vörum
• INTIMO •
Órugglega besta rakgelið!
Skúlagata 40a s. 562 2433
Dalvegur 16a s. 562 2445
www.amor.is

ÞJÓNUSTA

Hreingerningar



Hreingerningafyrirgjafingur
Þvegillinn
5 44 44 46
Hreingerningar - Bónun - Bónleysing Flutningsþrif - Þrif eftir iðnaðarmenn thvegillinn.is - Stofnað 1969 Traustir og vanir menn

TILKYNNINGAR

567 2277 **NÝJA** www.nyja.is

BÍLAHÖLLIN

BÍLAKJARNINN VIÐ BREIÐHÖFÐA 110 REYKJAVÍK



TOYOTA LAND CRUISER
120 VX nýsk. 1/2006. Ek. 26 þ. ssk, álf, leður og fl. Verð 5.400.



TOYOTA LAND CRUISER 100 DIESEL nýsk. 8/2005 ek. 44 þ. Ssk., 18" álf, leður, lúga, skjár, kubbur og fl. Verð 7.490 þ. **LÆKKIÐ VERÐ!** Áhv. Lán.



NISSAN PATROL GR ELEGANCE 37" nýsk. 9/2005 ek. 22 þ. Ssk., álf, leður og fl. Verð 4.990 þ. **TILBOÐ** 4.550 þ.



DODGE RAM 2500 QUAD 4X4 LARAMI 6,7L DIESEL NÝR BÍLL leður, lúga og fl verð 5.290þ **TILBOÐ** 4.950þ **SÉRTILBOÐ NÚ 4.890þ** EIGUM LÍKA MEGA CAP Á SÉRTILBOÐI 5.190þ



DODGE RAM 2500 QUAD 4X4 SLT DIESEL 5.9L árg. 2006, ek. 22 þ. Ssk, r/6 og fl. Verð 3.850 þ. **TILBOÐ 3.690.** BESTA VERÐIÐ Í BÆNUM EIGUM 3 BÍLA! SVARTAN, SILFUR OG HVÍTAN.



M. BENZ ML 350 árg. 2006 ek. 29 þ. Ssk, leður, lúga, krókur og fl. Verð 5.790 þ. **LÆKKIÐ VERÐ**



LAND ROVER RANGE ROVER SPORT SUPERCHARGED nýsk. 12/2005, ek. 25 þ. km, m/ öllu. Verð 8.990 þ.



FORD ESCAPE LIMITED 4X4 4DR nýsk. 10/2006, ek.19 þ. Km. Ssk, leður og fl. Verð 3.410 þ.



NISSAN X-TRAIL nýsk. 9/2002. Ek. 62 þ. Ssk, leður og fl. Verð 1.790 þ.



M. BENZ E 280 CDI nýsk. 11/2006 ek. 34 þ. Ssk, álf, lúga og fl. Verð 5.980 þ. Verð til leigubílst. 4.690 þ.



TOYOTA AVENSIS S/D SOL nýsk 9/2005, ek. 37 þ. Km. Ssk., álf, krókur. Verð 2.290 þ.



HYUNDAI GETZ GLS 1600 nýsk 9/2005 ek. 39 þ. Km. 5 g. Verð 1.190 þ. Áhv. 990 þ. EIGUM EINNIG SSK. 3/2006 verð 1.580þ



SUBARU LEGACY LUX nýsk 8/2005 ek. 25 þ. Km. Ssk, álf. Verð 2.550 þ.



SUBARU LEGACY LUX nýsk 7/2006, ek. 33 þ. Km. Ssk, álf. og fl. Verð 2.690 þ. Áhv. 2.000 þ.



NISSAN NOTE TEKNA nýsk. 5/2006 ek. 15 þ. Ssk. Verð 1.950 þ. **TILBOÐ YFIRTAKA +SÓLUP.**



MAZDA 3 SPORT nýsk 5/2006 ek. 20 þ. Km. 5 g. Álf. Verð 2.090 þ.



BMW 318 I nýsk 5/2004 ek. 68 þ. Km. Ssk. Verð 2.390. Áhv 1.950 þ.

„Viltu slást í hópinn með JÓA FEL??“
 Höfum í boði afgreiðslustörf í bakariinu okkar á Kleppsvegi. Einnig í boði helgarvaktir sem henta vel fyrir skólafólki.
Uppl. fást hjá Lindu í síma 863 7579 eða á staðnum Kleppsvegi. Bakarið Hjá Jóa Fel, Kleppsvegi 152.

Cafe Oliver
 Cafe Óliver óskar eftir reyndum barþjónum og þjónum í sal í fullt starf og/eða hlutastarf. Vinsamlegast hafið samband í 692 9802 eða cafeoliver@cafeoliver.is



Frístundaheimili
 Starfsfólk óskast á frístundaheimilin við grunnskóla Reykjavíkurborgar eftir hádegi á virkum dögum.
Nánari upplýsingar á www.itr.is og í síma 411 5000.

Veitingahús
 Íslenskumælandi starfsfólk óskast. Æskilegur aldur 30+.
Upplýsingar í síma 897 4433 & 894 0292.

Café Bleu
 Óskum eftir að ráða gott starfsfólk í þjónustustörf. Á sama stað vantar einnig góðan kaffibarþjón. Æskilegt er að viðkomandi hafi reynslu og sé ekki yngri en 18 ára. Góð laun í boði.
Uppl. gefur Jón í s. 690 1074. Café Bleu Kringlunni S. 588 0300.

Ræstingar
 Ræstingabjónustan sf óskar eftir að ráða ræstingarfólk í afleysingavinnu á kvöldin. Starfsmaður verður að hafa bíl til umráða.
Nánari upplýsingar fást á skrifstofutíma í sínum 821 5054 & 821 5061.



Yfirmaður Serrano í Smáralind
 Serrano mun í byrjun nóvember opna glæsilegan nýjan veitingastað í Smáralind.

Við leitum að yfirmanni til að stjórna þessum nýja veitingastað.

Starfssvið Verslunarstjóra
 - Ráðningar starfsfólks og umsjón með starfsmannamálum

- Uppgjör

- Afgreiðslustörf

- Umsjón með vöktum

- Pantanir og birgðahald

Menntunar- og hæfniskröfur

- Reynsla af störfum í verslun eða á veitingastöðum

- Viðkomandi verður að vera mjög þjónustulundaður

- Viðkomandi verður að vera sterkur í mannlegum samskiptum.

- Reynsla af rekstri mikill kostur.

Vinsamlegast sækjið um á www.serrano.is/atvinna eða sendið umsóknir á steingerdur@serrano.is - Allar nánari upplýsingar veitir Steingerður, rekstrarstjóri Serrano, í síma 899-8947



Kornið Borgartúni.
 Óskar eftir starfsfólki í afgreiðslu frá kl. 6-13 og frá kl. 11-18. Hentar vel eldri fólk. Góð laun í boði. Uppl. í s. 864 1593 eða 864 1544

Nonnabiti
 Starfskraftur óskast til starfa, ekki yngri en 18, reyklus.
Uppl. í s. 898 5956 & 899 1670 eða á staðnum.



Ert þú næturmanneskja?
 Subway óskar eftir jákvæðu og duglegu fólki með mikla þjónustulund. Um er að ræða fullt starf í næturvinnu, unnið 7 nætur og 7 nætur frí. Góð laun í boði fyrir réttan aðila.

Hægt er að sækja um á subway.is. Nánari upplýsingar veitir verslunarstjóri í síma 696-7064 (Subway Hringbraut/N1). Aldurstakmark er 18 ár.

Flokkstjórn í ræstingum



ISS Ísland ehf. óskar eftir að ráða í starf flokkstjóra í ræstingum.

Starf flokkstjóra feist m.a. í:
 *umsjón, undirbúningi og stjórnun á verkstað
 *ræstingu á verkstað
 *samskiptum við viðskiptavin *kennslu og þjálfun starfsmanna

Um er að ræða starf í Kópavogi, þar sem vinnutími er frá klukkan 08:00 - 18:00.

Í starf flokkstjóra er áhersla lögð á þpurð í samskiptum, nákvæmni og þjónustuvilja. Umsækjandi þarf að vera íslenskumælandi.

Upplýsingar í síma 5 800 600. Einnig á www.iss.is



Snyrtifræðingur eða meistari

Óskast í 100% starf, verður að vera duglegur, metnaðarfullur og geta unnið sjálfstætt. Góð laun í boði!

Umsóknir sendist á englakroppar@englakroppar.is eða í s. 663 3053.

Englakroppar heilsustúdíó/snyrtistofa S. 587 3750.

Björnsbakari-vesturbæ óskar eftir starfskrafti til afgreiðslustarfa. Íslenskukunnátta er skilyrði. Helga gefur frekari upplýsingar í síma 699 5423.

